




Þórdís Björgvinsdóttir stendur hér með þrívíddarprentaðar píkurnar Nathan og Olsen og dómbúindaframleiðandinn Libresse stóðu fyrir viðburði í Smáralind í gær þar sem píkurnar voru til sýnis og veitt var fræðsla um píkurnar almennt. Viðburðurinn fór fram í tengslum við átakið Lifi pikan.



Geirfuglinn féll



Arnheiður syngur Puccini



Jafnmikið þúður í öll atriðin

Nær allir styðja græna vinnslu

VIRKJANIR Ný könnun á meðal erlendra ferðamanna leiðir í ljós að 99 prósent þeirra eru sáttt við græna orkuvinnslu á Íslandi.

Könnunin var unnin af Gallup að beiðni Landsvirkjunar með söfnun netfanga á meðal ferðamanna sem fóru um Keflavíkurflugvöll síðasta sumar og haust.



99 prósent ferðamanna eru sáttt.

Meðal niðurstaðna er að 73 prósent aðspurðra töldu að orkuvinnsla með endurnýjanlegum orkugjöfum hafi haft jákvæð áhrif á heildarupplifun þeirra af íslenskri náttúru.

Innan við eitt prósent taldi hana neikvæða. **SJÁ SÍÐU 6**

Stór hópur í rakningu eftir ný berklatilvik hér á landi

Berklar gera aftur vart við sig á Íslandi, en sjúkdómurinn er enn víða kræfur á svæðum í austanverðri Evrópu.

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Fjögur berklatilvik hafa greinst hér á landi það sem af er ári, að því er Fréttablaðið hefur fengið staðfest frá sóttvarnaryfirvöldum.

Einn berklasjúklingur hefur verið lagður inn á Landspítalann, að sögn Ernu Milunku Kojic, yfirlæknis smitsjúkdómadeildar. Óvanalega stór hópur, tengdur viðkomandi, hafi verið sendur í rakningu vegna tilviksins. Það hafi leitt til þess að þrír til viðbótar hafi greinst með berkla.

„Við bregðumst alltaf hratt við þegar svona tilvik koma upp, enda tökum við þau alvarlega,“ segir Erna



Við bregðumst alltaf hratt við þegar svona tilvik koma upp.



Erna Milunka Kojic, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans

Milunka, en heimilislæknakerfið hafi verið virkjað til að skima fyrir mögulegum smitum.

Hún segir berklasýkingu vera flókið fyrirbæri. Bakterian geti

setið í líkama fólks svo árum skipti án þess að það veikist.

„Þegar tilvik koma upp fer alltaf mikil rakning í gang,“ segir Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir en langan tíma taki að staðfesta smit með ræktun. Þar liggi vandinn.

Berklar voru kallaðir hvíta pestin á Íslandi á síðustu öld, en löngum framan af henni voru berklar illviðráðanlegir og létust þúsundir á áratugunum eftir 1900. Það var svo ekki fyrr en um miðja öldina sem lækning fannst við meininu.

Enn er berklapestina að finna á afmörkuðum svæðum í austanverðri Evrópu – og af og til greinast tilvik á Íslandi.

„En íslenska heilbrigðiskerfið er mjög vel í stakk búið til að takast á við sjúkdóm af þessu tagi,“ segir Erna Milunka Kojic. ■

LÆGSTA VERÐIÐ
Í HAFNARFIRÐI ER Á REYKJAVÍKURVEGI





Sjálfsgagt verður til mikið svifryk á Biladögum. MYND/ADSEND

Svifryk á Akureyri verið óviðunandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

AKUREYRI Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra telur svifryksmengun á Akureyri óviðunandi. Í nóvember fór sólarhringsmeðaltal sex sinnum yfir heilsuverndarmörk sem eru 50 míkrogrömm á rúmmetra. Alls fór mengunin 14 daga í þeim mánuði einhvern tímann yfir mörkin.

Akureyrarbær hefur ákveðið að fjölga svifryksmælum um sex en nefndin bendir á að mælarnir sjálfir minnki ekki svifryksmengun þó að þeir veiti gleggri yfirsýn. Kallar nefndin eftir upplýsingum um hvað sveitarfélagið hyggist gera til þess að laga vandann. ■



Margir sakna næturstætós.

Vilja næturstætó í fleiri sveitarfélög

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Viðreisnar og Vina Kópavogs sem sitja í minnihlutum bæjarstjórna Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar hafa lagt fram tillögur um að hefja keyrslu næturstætós eða að kanna fýsileikann á því.

Næturstætó hóf að ganga á ný í lok febrúar en aðeins innan marka Reykjavíkurborgar. Þetta er í fyrsta sinn síðan í október árið 2022 sem keyrt er á næturnar.

Hafa margir íbúar nágrannasveitarfélaganna harmað það að vera undanskildir þessu, enda búa þeir lengst frá miðborg Reykjavíkur. ■



VEIÐIN FÖSTUDAGA KL. 20.00

Veðiðmaðurinn Gunnar Bender býður landsmönnum í veiðiferð á Hringbraut.



Hafðu þig hægán



Best er að vera á varðbergi og hafa sig hægán því laganna verðir eru aldrei langt undan. Við Norðurströndina á Seltjarnarnesi voru þeir að munda mælingavopn sín til að nappa glanna. Sektirnar geta numið tugum þúsunda króna og sviptingu ökuréttinda tímabundið eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hreindýraleifyfi veitt um helgina

erlamaria@frettabladid.is

VEIÐI Dreigið verður úr umsóknum um hreindýraveiðileyfi í beinu streymi á vefsíðu Umhverfisstofnunar á morgun, 4. mars, klukkan 14. Hreindýrkvótinn í ár er 901 dýr, 426 tarfar og 475 kýr.

Umsóknarfrestur um veiðileyfi á hreindýr rann út á miðnætti þriðjudaginn 28. febrúar síðastliðinn, en alls bárust 2.926 umsóknir, þar af 2.923 gildar. Þá eru 32 veiðimenn á fimmskiptalista.

Allir sem fá úthlutað hreindýraveiðileyfi þurfa að standast skotpróf fyrir 1. júlí, en heimilt er að reyna þrisvar sinnum við skotprófið. ■

Siglfirskir öldungar sterkir í Vasagöngunni í Svíþjóð

Hann er meitlaður af erfiðisvinnu í daganna rás en þykir sælgæti gott. Magnús Eiríksson stefnir að því að ganga Vasagönguna þrjátíu ár í röð.

bth@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Magnús Eiríksson, 71 árs Siglfirðingur, gengur næsta sunnudag Vasagönguna í Svíþjóð 27. árið í röð. Gangan er 90 kílómetrar en til að hita almennilega upp gekk Magnús aðra 90 kílómetra göngu ásamt eiginkonu sinni í Svíþjóð síðastliðinn mánudag!

„Það má kannski segja að maður þyki hálfbruglaður að láta svona, en mér finnst þetta gaman og gangan heldur mér í góðu formi,“ sagði Magnús þegar Fréttablaðið náði tali af Magnúsi í gær.

Þá var Magnús enn á skíðum, í „léttri liðkun“ eins og kann kallaði það með eiginkonu sinni, Guðrúnu Ólöfu Pálsdóttur skrifstofukonu. Guðrún gengur mikið með honum og hefur að sögn Magnúsar reynst stöð og stytta í öllum þeim áföngum sem nú eru að baki og sagan langt í frá enn öll.

Gangan á sunnudag verður 27. Vasaganga Magnúsar í röð. Hann fór fyrst út árið 1997, þá 46 ára, og viðurkennir að það sé ekki algengt að þátttakendur missi ekki úr eitt einasta ár.

„Nú er mig farið að klæja í fingurna að ná 30 Vasagöngum. Þá kemst maður í sérstakan klúbb, svona heiðursklúbb, það er það sem alla dreymir um.“

Magnús og Guðrún hafa lengst af búið á Siglufirði en upp á síðkastið hafa þau búið í Fljótum. Þau stunda í sveitinni gönguskiðin þegar aðstæður leyfa, annars hjólastíði á vegum.



Þau hjónin eru samrymd og rennur afreksblóð í æðum beggja. MYND/ADSEND



Það má kannski segja að maður þyki hálfbruglaður að láta svona.

Magnús Eiríksson, 71 árs skíðamaður

„Þegar ég varð ellilífeyrisþegi þá fluttum við,“ segir Magnús sem er lærður húsasmíðameistari. „Ég hef alla tíð unnið erfiðisvinnu,“ segir hann og þakkar vinnunni að hluta gott líkamsform.

Hann keppti á heimsmeistaratóti fyrir Ísland í skíðagöngu þegar hann var yngri. Guðrún, kona hans, varð um árábil einnig Íslandsmeistari á skíðum. Afreksblóðið eiga þau hjónin saman.

„Kannski má ekki segja frá því en


ég borða mikinn sykurl,“ segir hann um hvort hann búi yfir leyndarmáli hvað varðar næringuna.

„Ég borða allan mat og þótt ég sé skammaður fyrir að vera í sælgætinu þá held ég nú að ég brenni þessum sykri.“

Spurður hvaða ráð svo þrautreyndur höfðingi getur gefið okkur hinum þegar við erum nálægt því að lyppast niður við verkefni sem reyna á þrek og þor svarar hann:

„Málið er bara að missa aldrei hausinn. Ef maður er að verða örmagna þá þarf bara að hugsa um næstu stöð, einblína á það að komast á næstu stöð. Það er þannig sem maður kemst áfram,“ segir Magnús. „Ekki langar mann að enda sem sófakartafla.“

„Það hefur verið farið vel með hann Magnús minn, honum hefur verið pakkað inn í bömul,“ sagði Guðrún Ólöf, 68 ára, og hló þegar blaðamaður hafði á orði hve vel þau hjónin bæru aldurinn. ■



Minni fyrirhöfn, meiri gæðastundir

Mastercard og Íslandsbanki, auðvelda þér lífið



Tafir á flutningi Tækniskólans til Hafnarfjarðar

kristinnhaukur@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Niðurstöður nefndar menntamálaráðherra um flutning Tækniskólans til Hafnarfjarðar hafa tafist umtalsvert. Nefndin átti að skila af sér niðurstöðum 1. nóvember síðastliðinn. „Það bara gerist ekkert málinu,“ segir Guðmundur Árni Stefánsson, oddviti Samfylkingarinnar í minnihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Segir hann málið hafa verið kosningalofofð meirihlutflokkanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en Samfylkingin styðji málið heils hugar.



Guðmundur Árni Stefánsson, oddviti Samfylkingar

Það var í júlí árið 2021 sem viljayfirlýsingu um að byggja framtíðarhúsnæði fyrir skólann við Hafnarfjarðarhöfn var undirrituð. Samfylkingin hefur lagt fram tillögu um að skipa starfshóp til að vinna að því að flutningurinn verði að veruleika, en hún var felld. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri lét bóka að málið væri í eðlilegum farvegi og að niðurstaðna sé að vænta í mars. ■

Raforkuöryggi almennings aukið

ragnarjon@frettabladid.is

ORKUMÁL Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur kynnt drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum sem ætlað er að styrkja raforkuöryggi almennings og smærri fyrirtækja. Frumvarpið mun fylgja eftir hluta af þeim tillögum sem komu úr starfshóp í fyrra. Þær tillögur lutu að gerð reglugerðar með það markmið að auka raforkuöryggi. Breytingarnar lúta að því að tryggja almenningi og smærri fyrirtækjum forgang að raforku komi til skömmtunar, til að mynda vegna framboðsskorts. Einnig er mælt fyrir um viðmið fyrir raforkuöryggi, sem nánar beri að útfæra og hljóta staðfestingu ráðherra. ■

Mun færri sækja í löggildingu fasteignasölu

bth@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Tími óeðlilega mikilla fasteignaviðskipta er að baki og leggja nú umtalsvert færri stund á nám til að hljóta löggildingu í faginu en þegar stórfjölgði í bransanum á bóluskeiðinu. Þetta segir Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir, fasteignasali og eigandi hjá Trausta fasteignasölu. Ekkert minnir lengur á Covid-umsvifin þegar vextir urðu að engu og nægur aðgangur var að lánsfé.

Bransinn er þó ekki botnfrosinn að sögn Guðbjargar. „Það er hreyfing,“ segir hún. Þótt leita þurfi langt aftur í tímann til að finna færri seldar eignir en í janúar segir Guðbjörg að fasteignasalar kvíði ekki framtíðinni. Margar nýjar eignir séu á leið á markað. „Þessu brjálæði er lokið og vonandi endurtekur það ástand sig ekki,“ segir Guðbjörg um bolutímann. „Það er ekki eðlilegt ástand að skrá eign á sölu og selja hana á korteri.“



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir, fasteignasali

Guðbjörg á ekki von á frekari lækkun fasteignaverðs en orðið hefur. Hún bendir á að byggingarkostnaður fari hækkandi. „Það hefur auðvitað fækkað tölu-

vert í stétt fasteignasala undanfarið, en sami kjarninn hefur lífibrauð af þessu og var,“ segir hún. „Það varð sprengja í löggildingu og fjölgaði mikið en nú eru tekjumöguleikarnir ekki eins og áður og þá leitar þetta jafnvægis.“ Mikil hækkun hefur orðið á leigu-markaði undanfarið. Kallaði Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, í gær eftir aðgerðum stjórnvalda vegna auglýsingar um þriggja herbergja íbúð sem kostar 375 þúsund krónur að leigja á mánuði. ■

Er stærra mál en nokkur aukakíló

Á morgun verða stofnuð fyrstu íslensku samtökin fyrir fólk með offitu. Ein stofnenda segir samtökin munu sjá um bæði fræðslu og réttindagæslu.

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Sólveig Sigurðardóttir er ein fimmtán einstaklinga sem standa fyrir stofnun fyrstu samtakanna á Íslandi sem eru skipuð fólki með offitu. Stofnfundur fer fram á morgun, laugardaginn 4. mars, en þá er alþjóðlegur dagur um offitu. „Það er svo mikilvægt að gefa fólki rödd. Það hafa margir haft samband vegna viðburðarins á morgun því þau þora ekki að mæta. Eru hrædd við að vera stimpluð og það er svo sárt að vita til þess. Við viljum breyta þessu,“ segir Sólveig en áður hefur hún komið að stofnun samtaka fyrir fólk með offitu í Evrópu, ECPO, og fyrir allan heiminn. Spurð af hverju svona samtök séu mikilvæg segir hún heilbrigðiskerfið alls ekki í stakk búið til að takast á við vandann. Ekki sé nægt fjármagn og þjónustan sé ekki nægilega víða. „Með stofnun samtakanna vonum við að hægt verði að ýta á betri og upplýstari umræðu og að kerfið sem tekur við okkur verði betra. Að þjónustan sé meiri. Því hún er allt of lítil og biðtíminn allt of langur,“ segir hún og að sem dæmi sé eins og hálf árs bið fyrir barn með offitu í Heilsuskólann. „Á þeim tíma getur barn farið í allar áttir. Þetta er alveg galið. Svo á að vera þjónusta á heilsugæslunni en það er eiginlega þannig að maður þarf að vera heppinn að lenda á góðum lækni til að fá þjónustu,“ segir hún og er einnig gagnrýnin á það að þjónustan sé ekki samræmd á milli heilsugæsla.



Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, Guðlaug M. Ingvarsdóttir, Elin Björk Ragnarsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir eru meðal stofnenda samtakanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Okkur hefur verið sagt að þetta sé okkur að kenna, við eigum að borða minna og hreyfa okkur meira.



Sólveig Sigurðardóttir, einn stofnenda samtaka fólks með offitu

„Aðgerðirnar eru svo orðnar að hálfgerðum sirkus. Fólk er að fara sjálft í þetta erlendis því það veit ekki almennilega hvert það á í raun að leita.“ Undanfarið hafa verið til umræðu sykursýkislyf sem margir taka við offitu. „Lyfin og aðgerðirnar eru bæði bara hjálpartæki við offitunni. Það er engin ein lækning við offitu. Lausnirnar þurfa að vera einstaklingsmiðaðar. Þetta er krónískur langvarandi sjúkdómur og manneskjan þarf að vera með þjónustu allt sitt líf. Þess vegna þarf að vera einhver á öllum stigum heilbrigðiskerfisins sem getur gripið fólk.“ Hún segir að eitt af stærstu vandamálunum sem stöðja að fólki með offitu sé lítil þekking innan heilbrigðisgeirans og að mjög misjafnt sé hvort lækna- og hjúkrunarfræðingar sækji sér sérstaklega þekkingu.

„Þetta gengur ekki upp svona. Þeir sem lifa með offitu hafa líka fordóma fyrir sjálfum sér. Okkur hefur verið sagt að þetta sé okkur að kenna, við eigum að borða minna og hreyfa okkur meira. Séum alltaf að borða of stórar skammtastærðir en það er alveg bilað að segja svona. Það þarf að vera samfélagsleg vakning með þetta,“ segir hún og að hún sjái fyrir sér að samtökin muni sjá um bæði fræðslu um offitu en einnig um það hvar fólk getur sótt sín réttindi. „Það er fólk að deyja því það er að fá vitlausa greiningu og það kemst ekki inn í tæki eins og í segulómun eða skimun, til tannlæknis eða á snyrtistofu því það er of þungt fyrir bekkina,“ segir hún og að það séu mörg dæmi um að fólk hafi ekki komist í slíka þjónustu um árabil aðeins vegna þyngdar sinnar. „Þetta er miklu stærra en að vera með nokkur aukakíló.“ ■

FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreyta sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð. Bjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLÓÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!



PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBAER • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



JEEP.IS



Kia Niro EV.

Ævintýri handan hornsins.



KIA
Movement that inspires

Afborgun á mánuði:
55.877 kr.**
Staðgreiðsluverð 6.990.777 kr.

Nýr Kia Niro EV gefur nýja ásýnd á götunum og ryður brautina fyrir rafknúnum samgöngum til framtíðar. 100% rafmagn ásamt nýju útliti, nýstárlegt farþegarými og nýrri yfirbyggingu sem er gerð úr sjálfbærum efnum og undirstrikar framtíðarsýn Kia. Með því að bjóða upp á umhverfissvænni valkosti býðst þér útfærsla sem stuðlar að grænni framtíð.



Nánar um
Kia Niro EV

Komdu og reynsluaktu nýjum Niro EV.

Við tökum vel á móti þér — eigum bíla til afhendingar.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Instagram.
instagram.com/kiaisland

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd
** Upphæð miðar við 50% fjármögnunarhlutfall til 84 mánaða með 8,75% vöxtum. Heildargreiðsla: 8.200.641 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,21%

Um fjörutíu prósent þriggja ára barna í áhættuhópi hvað málþroska varðar

helgisteinar@frettabladid.is

MENNTUN Stanislas Dehaene, einn af fremstu vísindamönnum heims á sviði vitrænna taugavísinda, náms og færni, mun halda fyrirlestur í dag á málþingi í Grósku. Farið verður meðal annars yfir þær áskoranir sem íslensk ungmenni standa frammi fyrir og hvernig bæta megi úr kennsluáðferðum.

Skýrsla UNICEF frá 2020 sýndi að 38 prósent fimmtán ára barna á Íslandi ná ekki grunnfærni í leskilningi og stærðfræði og í félagsfærni skora íslensk ungmenni lægst í Evrópu, af OECD-löndum. Rúmlega 40 prósent af þriggja ára börnum eru í áhættuhópi hvað málþroska og orðaforða varðar samkvæmt tölum frá leikskólum í Hafnarfirði frá árunum 2015 til 2020.

Hermundur Sigmundsson, prófessor hjá Rannsóknarsetri um menntun og hugarfarar við Háskóla Íslands, vitnar í verkefnið Kveikj-um neistann sem var sett í gang árið 2021 í Vestmannaeyjum og er meðal annars byggt á aðferðum Stanislas. Rannsóknarsetrið bar



Stanislas Dehaene, prófessor

ábyrgð á verkefninu sem Hermundur segir að hafi nú þegar borið ótrúlegan árangur.

„Það náðu allir að brjóta lestrar-kóðann fyrsta árið í skólanum, 96 prósent gátu lesið setningar og 88 prósent lásu texta. Þar að auki höfum við séð að það er betri liðan meðal foreldra og kennara. Þetta snýst nefnilega ekki bara um námsárangur, heldur líka bara almenna vellíðan.“

Áhersla er einnig lögð á að börn geti valið sér bækur í samræmi við eigin lestrargetu alveg frá fyrsta degi í skólanum. Hermundur segir að það gefi börnum aukna áhugahvöt og bætir hann við að sá árangur sem hefur náðst í Vestmannaeyjum hafi nú þegar vakið heimsathygli. ■



Fyrirhugaðar byggingar á Brekkunni á Akureyri.

MYND/YRKI

Gagnrýnir bæjarfulltrúa harðlega

bth@frettabladid.is

AKUREYRI „Bærinn þarf að velta fyrir sér hvort hann getur ekki lengur valdið því hlutverki að sinna skipulagsmálum,“ segir Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur.

Um 50 prósent íbúa á Akureyri eru óánægð með skipulagsmál og er óánægja með þann málaflokk langmest. Nú er þar fyrirhuguð bygging nokkurra háhýsa við Tónatröð á Brekkunni en bæjarbúar eru klofnir í afstöðu sinni til þeirra. Meira en þúsund manns hafa mótmælt að sögn Margrétar en um ræðir elsta hluta Akureyrar. Kann að fara svo að sögn Margrétar að lögverndað friðað hús verði rífið til að blokkirnar risi.

„Það kemur á óvart að hin sögulega vídd virðist ekki skipta marga bæjarfulltrúa miklu máli,“ segir Margrét. „Það er eins og minjavernd sé hreinlega til trafala ef þetta á byggð.“

Margrét fór hörðum orðum um Andra Teitsson bæjarfulltrúa í grein á dögum. Þá gagnrýnir hún að fyrsti varabæjarfulltrúi Miðflokksins á Akureyri, Finnur Aðalbjörnsson, hafi skrifað opinberlega að rífa ætti 90 prósent „af þessu kofarusli“ á Eyrinni.

Halla Björk Reynisdóttir, formaður skipulagsnefndar Akureyrarbæjar, vísar því á bug að bærinn sé með allt niður um sig í skipulagsmálum. „Það á eftir að koma í ljós hvort



Það kemur á óvart að hin sögulega vídd virðist ekki skipta marga bæjarfulltrúa miklu máli.



Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur.

þessar blokkir við Tónatröð verða byggðar. Við erum í því ferli,“ segir Halla Björk.

Hún segir að mögulega verði farin sú leið að færa friðaða húsið.

„Það er alls ekki rétt að sögu bæjarins sé varpað fyrir róða. Þvert á móti finnst mér skipta miklu máli að halda í menningarminjar, varðveita það sem hefur gildi og þar leitum við til fagaðila.“ ■



Geirfugl heitir verkið sem steipt er úr áli úr Straumsvík og hefur staðið í Skerjafirði frá 1998.

MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Geirfugl steiptist af stalli og Ólöf fékk samviskubit

Álskúlptúrin Geirfugl sem staðið hefur í fjörunni í Skerjafirði í nær aldarfjórðung varð vetrarhórkum að bráð og er nú kominn í land til aðhlyningar. Höfundur verksins segist vera með samviskubit.

gar@frettabladid.is

MENNING „Hann er kominn í meðferð,“ segir Ólöf Nordal myndlistarmaður um álskúlptúr sinn Geirfugl sem hvarf á dögum af flæðiskeri sínu í Skerjafirði.

Geirfugl hefur verið í fjörunni í Skerjafirði frá því á árinu 1998. Verkið er í eigu Listasafns Reykjavíkur. Nafn verksins segir Ólöf vísa í sögu geirfuglsins. „Hún er svolítið einmanaleg,“ bendir hún á.

Ógæfan virðist hafa dunið yfir er mikið óveður gekk yfir landið í janúar í kjölfar langs frostakafla. „Það voru þykkir ísflekar í Skerjafirðinum. Ísflekarnir hafa bara júðast á honum. Þarna eru því lík öfl að verki,“ segir hún.

Að sögn Ólafar gerðist það einnig í kring um aldamótin að ís togaði Geirfugl upp úr klettinum sem



Ég hef frétt af fólki í Skerjafirði sem er svolítið uggandi og hreinlega miður sín.



Ólöf Nordal, myndlistarmaður

hann er festur á. Þá hafi aðeins þurft að setja í hann nýja teina en nú sé verkið talsvert skemmt; festingar brotnar og fuglinn marinn.

Ólöf segir Geirfugl í raun lítt veðraðan. „Þetta er steipt ál og það er ótrúlega niðangurslega sterkt. En núna hefur hann sennilega lent undir ísnum og verið að velkjast í fjöruborðinu. Ég held að hann hafi fundist dálítið langt úti og ekki fyrr en það var kominn háfjara,“ segir hún. Möguleiki hafi verið á að fuglinn hefði borist það langt út að hann hefði ekki fundist.

„Auðvitað er mjög leiðinlegt þegar svona gerist,“ segir Ólöf sem kveðst einnig hafa lent í skemmdum með verkið þúfuna í Reykjavíkurhöfn. „Það hefur stundum hrunið aðeins úr henni og maður fær dálítið samviskubit og hugsar hvort maður hafi ekki gert hlutina rétt. En maður er bara að berjast við svo stór öfl.“

Margir hafa velt fyrir sér hvað orðið hafi um álfuglinn í fjörunni. „Ég hef frétt af fólki í Skerjafirði sem er svolítið uggandi og hreinlega miður sín en fuglinn fer aftur upp um leið og búið er að laga hann.“ ■

Ánægja með grænu orkuvinnsluna

ser@frettabladid.is

VIRKJANIR Nánast allir erlendir ferðamenn sem leggja leið sína til Íslands eru jákvæðir gagnvart orkuvinnslu og orkumannvirkjum á Íslandi.

Þetta leiðir ný könnun Gallup að beiðni Landsvirkjunar í ljós, en hún var unnin með söfnun netfanga á meðal ferðamanna sem fóru um Keflavíkurflugvöll síðasta sumar og haust.

Könnunin leiðir í ljós að 96 prósent erlendra ferðamanna eru jákvæð gagnvart endurnýjanlegum orkugjöfum á borð við vatnsafl, jarðvarma og vind, þar af eru 80 prósent þeirra mjög ánægð.

Um 96 prósent svarenda töldu sig hafa orðið vör við græna orkuvinnslu í ferðalagi sínu um Ísland, þar af um helmingur mjög mikið, ríflega þriðjungur nokkuð og tæptíu prósent lítið.



Orkumannvirki virðast ekki trufla upplifun erlendra ferðamanna af íslenskrí náttúru, þvert á móti, samkvæmt nýrri könnun Gallup. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meðal niðurstaðna er að 73 prósent aðspurðra töldu að orkuvinnsla með endurnýjanlegum orkugjöfum hefði haft jákvæð áhrif á heildarupplifun þeirra af íslenskri náttúru. Innan við eitt prósent taldi hana neikvæða, en 26 prósent sögðu áhrifin engin. Alls töldu því 99 prósent orku-

vinnsluna ýmist hafa haft jákvæð áhrif eða engin á upplifun þeirra af íslenskri náttúru, segir í samantekt Gallup.

Loks töldu 54 prósent að frekari orkuvinnsla myndi gera þau líklegri til að heimsækja Ísland aftur í framtíðinni, en eitt prósent ólíklegra. ■

Þriðjudaginn 7. mars kl. 14
í Silfurbergi í Hörpu

Skráning á
landsvirkjun.is

Grunnur grænna samfélags

Ársfundur Landsvirkjunar

Ávörp

Bjarni Benediktsson
fjármálaráðherra

Jónas Þór Guðmundsson
stjórnarformaður Landsvirkjunar

Erindi

Betur má ef duga skal
Hörður Arnarson
forstjóri

Orkuvinnsla sem góður granni
Kristín Linda Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

Öflugur rekstur og arður þjóðar
Rafnar Lárusson
framkvæmdastjóri Fjármála og upplýsingatækni

Í trausti öruggrar orku
Tinna Traustadóttir
framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu

Fundarstjóri
Eva Eiríksdóttir
sérfræðingur á samskiptadeild

Utanríkisráðherrar hittast í fyrsta sinn

helgisteinar@frettabladid.is

INDLAND Anthony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, að binda enda á stríðið í Úkraínu á fundi G20-ríkjanna í gær. Fundurinn fer nú fram á Indlandi og er þetta í fyrsta sinn sem utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands hittast í eigin persónu síðan stríðið hófst.



Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands hittust í fyrsta skipti frá því að stríðið í Úkraínu hófst á fundi G20-ríkjanna í gær.

Blinken minntist einnig á Paul Whelan, sem var handtekinn í desember 2018 fyrir meintar njósnir og hefur verið í haldi í Rússlandi síðan þá.



Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, á fundi G20-ríkjanna í Nýju Delí. **FRÉTTABLAÐIÐ/EPA**

Haft var eftir háttsettum embættismanni bandaríska utanríkisráðuneytisins að samtal þeirra tveggja í Nýju Delí hefði ekki varað lengur en í tíu mínútur. Embættismaðurinn sagði blaðamönnum að Blinken hefði einnig fullvissað Lavrov um að stuðningur Bandaríkjanna við Úkraínu væri ekki á þrotum.

Það hefur ekki enn fengist staðfest hvað Lavrov sagði við Blinken í samtalinu en fátt bendir til þess að Rússar muni breyta um stefnu á næstunni. ■



Christine Wormuth telur að Bandarkjamenn muni bregðast við stríði gegn Kína með sama hætti og í seinni heimsstyrjöldinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bandaríski herinn með stríðsáætlun gegn Kína

Hermálaráðherra Bandaríkjanna hefur lagt fram ítarlega áætlun fyrir bandaríska herinn í Asíu. Markmiðið er að fæla Kínverja frá stríði en prófessor segir að báðar þjóðir séu að koma sér í hernáðarlega pattstöðu.



Báðar þjóðir munu líkt og svefngenglar smám saman efna til stríðs.

endurspegli ekki viðhorf ráðuneytisins hvað Kína varðar. Talsmenn ráðuneytisins telja að það sé stefna Bandaríkjanna að viðhalda friði í Suður-Kínahafi.

Christine bendir á að skyldu átök brjótast út er mjög líklegt að Bandaríkin sjálf verði fyrir einhvers konar árás. „Hvort sem það verða netarásir á raforkukerfin eða -leiðslur, þá efast ég ekki um að Bandaríkjaher verði kallaður til að veita borgaralegum yfirvöldum varnarstuðning.“

Aðspurð hvort almenningur í Bandaríkjunum sé reiðubúinn að setta sig við það mikla mannfall sem búast mætti við í stríði gegn Kína, segist Christine trúa því að Bandaríkjamennt myndu bregðast við líkt og þeir gerðu í seinni heimsstyrjöldinni.

Zhu Feng, prófessor við alþjóðastjórnsmálafræðideild háskólans í Nanjing, segir að sú fælingaraðferð sem Bandaríkin vilji reida sig á sé nákvæmlega sama aðferðin og kínversk yfirvöld hyggjast nota til að fæla Taívan frá því að lýsa yfir sjálfstæði. Hann segir að kínversk stjórnvöld geri sér líka fulla grein fyrir þeim afleiðingum sem innrás gæti haft í för með sér.

„Ég hef áhyggjur af að aðilar beggja vegna borðs muni haldi áfram að leggja fram sín eigin rök hvað þetta mál varðar. Það mun á endanum aðeins skapa meiri og langvarandi spennu sem gæti orðið til þess að báðar þjóðir munu líkt og svefngenglar smám saman efna til stríðs,“ segir Zhu. ■

Icelandair vill kaupa innlent eldsneyti

ragnarjon@frettabladid.is

VÍÐSKIPTI Forsvarsmenn Icelandair og IðunnarH2 undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um kaup Icelandair á allt að 45 þúsund tonnum á ári af innlendu, sjálfbærri flugvélaeldsneyti frá og með árinu 2028.

Sú notkun myndi jafngilda minnkun útblásturs um allt að 10 prósent í millilandaflugum Icelandair á ársgrundvelli.

„Með viljayfirlýsingu um samstarf við IðunniH2 viljum við leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að styðja við aðila sem vinna að uppbyggingu framleiðslu sjálfbærs flugvélaeldsneytis á Íslandi,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, en félagið hefur sett sér markmið um að draga úr kolefnislosun um 50 prósent á hvern tonnkilómetra fyrir árið 2030 og ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 í takti við alþjóðleg markmið flugíðnaðarins.

IðunnH2 er félag í íslenskri eigu sem vinnur að þróun rafeldsneytisvinnslu í Helgúvík í Reykjanesbæ. Vinnslan mun umbreyta endurnýjanlegu rafmagni í sjálfbært flugvélaeldsneyti sem nýtist á núverandi flugbúnað en er nú



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair ásamt Auði Nönnu Baldvinsdóttur forstjóra IðunnarH2. **MYND/ADSEND**

aðeins framleitt í takmörkuðu magni á heimsvísu.

„Það er ánægjulegt að fá Icelandair til liðs við okkur til að stuðla að innlendra framleiðslu á sjálfbærri flugvélaeldsneyti,“ segir Auður Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri IðunnarH2. „Verkefni okkar í Helgúvík leiðir til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda, eykur orkuöryggi og hagsæld og styður við nærsamfélagið í núverandi mynd.“ ■

helgisteinar@frettabladid.is

BANDARÍKIN Christine Wormuth, hermálaráðherra Bandaríkjanna, lagði í vikunni fram ítarlega og marghliða áætlun sem hefur það að markmiði að hindra sókn kínverska hersins og sigrast á honum skyldu stríðsátök brjótast út í Asíu.

Áætlunin felur meðal annars í sér að staðsetja enn fleiri hermenn í Asíu sem hefðu aðgang að háþrúðum vopnum og að auka eldsneytisbirgðir í löndum eins og Ástralíu og Filippseyjum.

„Markmið okkar er að forðast landstríð í Asíu og ég held að besta leiðin til að gera það sé að sýna bæði Kína og nágrannaríkjum að við myndum vinna það stríð,“ segir Christine.

Hugmyndin á bak við uppbyggingu hersins á svæðinu er að fæla kínverska herinn frá því að færa út kvíarnar enn frekar í Asíu. Christine segir að það muni skipta sköpum að viðhalda tengslaneti í Kyrrahafinu bæði hvað samskipti varðar og einnig þegar kemur að mögulegum átökum. „Við erum náttúrulega að tala um gríðarlegar vegalengdir á milli þessara svæða.“



Zhu Feng, prófessor við háskólann í Nanjing

Í lok janúar sagði Michael A. Minihan, herforingi bandaríska flughersins, að stríð milli Bandaríkjanna og Kína gæti hafist innan tveggja ára. Hann hafði beint þeim tilmælum til undirmanna sinna að flýta þyrfti undirbúningi fyrir slík átök.

Herforinginn vitnaði meðal annars í þá staðreynd að Xi Jinping, forseti Kína, væri búinn að tryggja sér sitt þriðja kjörtímabil og hefði stríðsráð Xi meðal annars fundað í október. Þar að auki verða kosningar í Taívan í nóvember á næsta ári og gæti það réttlætt innrás í augum Kommúnistaflokksins.

Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur hins vegar sagst vera á öðru máli og að ummæli Minihan

Hafgufan ekki skrímsli heldur hvalur

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Vísindamenn við Flinders-háskólann í Adelaide í Ástralíu hafa komist að því að hin skelfilega kynjaskepna hafgufa var í raun og veru til en var ekki skrímsli heldur hvalur. Lýsingar á því hvernig hafgufan, og fleiri fornar kynjaskepnur úr bókmenntum, matast rímar vel við hvernig ákveðnar hvalategundir veiða bráð sína.

Í Örvar Odds sögu, sem er íslensk saga frá 13. eða 14. öld og er ein af svokölluðum fornaldarsögum Norðurlanda, kemur hafgufan fyrir. Ógurlegt sæskrímsli sem hélt sig undir yfirborðinu nema til að éta. „Hún er í kafi, svá at dægum skiptir, ok þá hún skýtr upp höfði sínu ok nösum, þá er þat aldri skemmr en sjávarfall, at hún er uppi,“ segir í sögunni.

Samkvæmt John McCarthy, doktor í sjávarfornleifafraði, minna



Hafgufa gat étið heilu skipin.

MYND/ADSEND

lýsingarnar í Örvar Odds sögu á þá hvali sem veiða stundum á yfirborðinu. Það er þá sem hafa kjaftinn opin og bíða eftir að grunlausir fiskar syndi upp í þá.

Í Kongungs skuggsjá er einnig fjallað um hafgufu. Það er að hún æli upp beitu og éti það sem kemur að. McCarthy segir að þessi hegðun þekkist einnig hjá sumum hvölum. ■

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Breyting á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 7. apríl 2023.

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Framtalið þitt er opið til staðfestingar á skattur.is

Skilafrestur er til 14. mars

Starfsfólk Skattsins veitir aðstoð



Símaþjónusta í 442-1414


Mán.-fim. 9:00-15:30

Fös. 9:00-14:00



Pantaðu símtal

Hægt er að panta símtal í 442-1414
og við hringjum til baka



Sendu okkur tölvupóst

Þú getur líka sent okkur tölvupóst á
póstfangið framtal@skatturinn.is

Ekki er unnt að veita framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins

Áriðandi er að yfirfara upplýsingarnar á framtalinu

Nám fyrir næstum því alla



Nina Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Það er stundum ótrúlegur lúxus að fá að vera illa upplýstur. Það er lottóvinningur að hafa ekki hugmynd um ósýnilega stritið og álagið sem fatlaðir þurfa að bera frá degi til dags, vegna þess að samfélagið gerir ekki ráð fyrir þeim.

Það er meira að segja komið ansi gott orð yfir þetta fyrirbæri, fötlunarstrit, sem samsvavar öræritinu og hversdagslega þuðinu sem fylgir tilverunni þegar fólk þarf að berjast og „vesenast“ til að fá aðgengi sem öðrum þykir hversdagslegt. Vottorð til að komast í skólann, vottorð til að komast heim, vottorð til að fá glæsur og upptökur af fyrirlestrum og pláss fyrir hjólastól.

Aðgengi felst í hönnun og hugmyndafræði inngildingar, sem liggur að baki því hvernig kerfin eru hönnuð. Oftar en ekki eru kerfin hönnuð af fólkinu sem þarf aldrei að nota þau, og það er oft grunnurinn að vandanum.

Í febrúar birtust niðurstöður skýrslu sem unnin var fyrir hönd Ráðs um málefni fatlaðs fólks um upplifun fatlaðra nemenda af námi og sértækum námsúrræðum við Háskóla Íslands. Skýrslan malar mynd sem passar illa inn í altaristöflu íslenskrar jafnréttisparadísar. Nemendur sem eru fatlaðir og vilja stunda háskólanám þurfa sjálfir að tryggja aðgengið og vinna sjálfir vinnuna sem þessu fylgir.

Það er ekki langt síðan formaður Sjálfsbjargar lýsti því í samtali við Fréttablaðið að henni hefði verið gert að skipta um námsbraut við háskólann vegna þess að flestir tímarnir sem hún sótti voru kenndir í húsi sem var ekki með aðgengi fyrir hjólastóla. Á Íslandi árið 2018.

Í heimsfaraldri var kennsla komið yfir á rafrænt form á ótrúlegum hraða og ófötl-uðum og fötl-uðum var tryggður aðgangur að áframhaldandi námi þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Samhent grettistak varð til þess að á tveggja ára tímabili tókst flestum ef ekki öllum deildum skólans að halda starfsemi gangandi.

Þegar faraldri lauk voru það góðar fréttir fyrir flesta nemendur. Ekki alveg alla, vegna þess að nemendum í sérstökum aðstæðum var ekki lengur tryggður aðgangur að upptökum af fyrirlestrum með sama hætti og áður.

Í þrengingum „horfir fólk í peninginn“ meira en áður og forgangsraðar upp á nýtt. Hér vantar ekki bara velvilja heldur fjármagn og átak. Kannski er kominn tími til þess að forgangsraða upp á nýtt og endurhugsa hvers konar háskólasamfélag við viljum. Hvort allir geti hér stundað nám, eða bara næstum því allir. ■

Skýrslan malar mynd sem passar illa inn í altaristöflu íslenskrar jafnréttisparadísar.


BOLÍ
LÉTTOL

ÍÞRÓTTAVIKAN
MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is

Álitsgjafar brýna kutana

Á morgun munu Íslendingar fullhlaða allar tölvur sínar og snjalltæki svo allt sé til reiðu er ein stærsta samfélagsmiðlaveisla ársins hefst annað kvöld um leið og útsending frá úrslitum Söngvakeppni sjónvarpsins fer í gang. Algerlega öruggt er að allir sem vettlingi geta valdið munu hafa skoðun á því sem fyrir augu og eyru ber á skjánum og miðla henni jafn-óðum til landa sinna á Twitter og Facebook og á þeim slóðum öllum. Á þetta við um þá sem þykja mun mikið til koma en ekki síður þá sem sjaldan eða aldrei þykjast hafa orðið vitni að annarri eins hörmung.

Háspenna í betri stofunum

Það er sem sagt verið að tala um þjóð í essinu sínu á laugar-dalskvöldi. Allir fyrir framan tækin vita að brugðið getur til beggja vona þegar á hölminn út í Evrópu er komið og algert grundvallaratriði fyrir því sem kalla mætti tilbrigði við eðlilega geðheilsu okkar einstöku hjarðar að lagið sem fer út hljómi að minnsta kosti næstum því þannig að það gæti komist inn á sjálft úrslita-kvöldið á stóra sviðinu og bjargi því einu mikilvægasta partíkvöldi ársins inn í þann hluta dagskrárinnar þar sem þjóðirnar hver af annarri fella sinn dóm. Til þess að svo geti orðið þarf lagið náttúrulega að minnsta kosti að vera ókei. ■

Vindurinn sameiginleg auðlind þjóðarinnar



Orri Páll
Jóhannsson
þingflokksfor-
maður Vinstri
grænna

Áhugi á vindorku hefur aukist stórum á undanförunum misserum samfara hraðri framþróun í tækni til þess að nýta hana. Ekkert okkar hefur farið varhluta af umræðu um stórkarlaleg uppbyggingaráform hringinn í kringum landið.

Umræða um nýtingu vinds er tiltölulega ný af nálinni í okkar auðlindaríka landi. Ég tel tvennt mikilvægast í þessu samhengi. Annars vegar verður að ríkja sátt um staðsetningu vindorkuvirkjana í landinu og hins vegar verður að vera alveg skýrt að arðurinn af nýtingu þessarar auðlindar nýtist samfélaginu öllu. Sátt um hvort tveggja er forsenda þess að hér verði unnt að ráðast í uppbyggingu vindorkuvirkjana.

Þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu. Við teljum að boðuð lagasetning um nýtingu vindorku hérlandis þurfi að undirstrika það sem ætti að vera meginregla, að leyfi til nýtingar vindsins tryggi íslensku þjóðinni beina og sýnilega hlutdeild í afkomu vegna nýtingar til framleiðslu raforku. Slíkt gjald á að endurspeglar umhverfisáhrif, standa undir eftirliti, ítarlegum rannsóknum og mælingum á virkjanasvæðum. Taka verður tillit til raunverulegs umhverfiskostnaðar við framkvæmdir.

Við leggjum áherslu á að vindorkuvirkjanir byggist upp á afmörkuðum og þegar röskuðum svæðum með lágt verndargildi nærri tengivirkjum og flutningslínun þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Taka þarf ríkt tillit til sjónrænna áhrifa, vistkerfa, dýralífs og náttúru. Uppbyggingu vindorkuvirkjana fylgir mikið umhverfisrask vegna mannvirkjagerðar, svo sem vega- og línulagna, sem kann að rýra og ganga á gæði lands í nágrenni virkjunarinnar. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á ýmis umhverfisáhrif, svo sem sjón-, hljóð- og umhverfismengun, til að mynda frá byggingarefnum, að ótöldum áhrifum á lífríki, sérlega dýralíf. Þá er brýnt að okkar mati að mörkuð verði stefna um vindorkuvirkjanir á hafi en umhverfisáhrif þeirra eru eðli málsins samkvæmt annars konar en vindorkuvirkjana á landi. ■

Við leggjum áherslu á að vindorkuvirkjanir byggist upp á afmörkuðum og þegar röskuðum svæðum.



Litfagrar kúrbíts-enchiladarúllur sem gleðja bæði augu og maga.

Gleðisprengja á föstudegi

starri@frettabladid.is

Á föstudögum er tilvalið að slá upp bragðmikilli veislu í eldhúsinu og byrja helgina með stæl. Hér er girnileg uppskrift af kúrbíts-enchiladarúllum. Litfagur og bragðgóður réttur.

Kúrbíts-enchiladarúllur

½ kg eldaður kjúklingur, skorinn í litla bita
1 bolli svartar niðursoðnar baunir, skolið vel.
1 bolli maís (frosinn)
2 bollar enchilada-sósa
900 g kúrbítur, skorinn langsum í þunnar sneiðar
1 bolli rifinn cheddarostur
2 msk. saxað kóriander

Hitið ofn í 190 gráður. Blandið saman kjúklingi, baunum, maís og einum bolla af enchilada-sósu. Hellið ½ bolla af enchilada-sósu í botn á eldföstu móti.

Leggið tvær kúrbítssneiðar saman þannig að önnur sneiðin liggja aðeins ofan á hinni. Setjið 2–3 msk. af kjúklingafyllingunni neðarlega og rúllið síðan upp og setjið í eldfasta mótið. Gerið það sama við afganginn af kúrbítum og kjúklingafyllingunni. Hellið ½ bolla af enchilada-sósu yfir rúllurnar og stráið osti yfir. Bakið í 20–25 mínútur eða þar til osturinn er fallega gylltur. Stráið kóriander yfir áður en borið fram. ■



Berglind Árnadóttir, lyfjafræðingur hjá LYFIS, segir að hálsbólga stafi langoftast af sýkingum af völdum öndunarfæraveira.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Septabene með þríþætta virkni gegn særindum og bólgu í hálsi

Septabene citron og honning munnsogstöflur og Septabene munnholsúði eru ný lyf án lyfseðils til meðferðar við einkennum hálsbólgu tengdrar vægum sýkingum í munni og hálsi. **2**

„Sýkingar í öndunarfærum eru meðal algengustu sýkinga sem leggjast á menn. Þó að bakteríu-sýkingar geti valdið hálsbólgu stafar meirihluti hálsbólgu tilfella af veirusýkingum. Áætlað hefur verið að 50–90% hálsbólgu tilfella hjá fullorðnum og 70% hjá börnum stafi af sýkingum af völdum öndunarfæraveira,“ segir Berglind Árnadóttir, lyfjafræðingur hjá LYFIS/Icepharma.

„Bakteríur eiga hlut að máli í innan við 20% bólgu tilfella í koki eða hálseitlum. Ávísun sýklalyfja til meðferðar við hálsbólgu er því ekki alltaf nauðsynleg,“ segir Berglind.

„Í þeim tilfellum sem veirur eiga í hlut ætti hálsbólgan að lækna af sjálfu sér á um það bil viku. Ákjósanleg meðferð við hálsbólgu er því meðferð sem dregur skjótt úr einkennum og orsökum.

Septabene vörurnar frá Krka sótthreinsa munn og háls og draga úr einkennum bólgu og verkja í hálsi.“

Septabene
Septabene, sem framleitt er af Krka, veitir heildstæða meðferð við hálsbólgu. Septabene munnsogstöflurnar koma með sítrónu- og hunangsbragði og munnholsúðinn með mentólbragði. Septabene inniheldur virku efnin benzydámín hýdróklóríð og cetýlpýridíníum klóríð. Benzýdámín hýdróklóríð er bólgueyðandi gígtarlyf (NSAID-lyf) með verkjastillandi, bólgueyðandi og staðdeyfandi eiginleika. Cetýlpýridíníum klóríð er breiðvirkt sýkladrepani efni.

„Samsetning sýkladrepani, bólgueyðandi og verkjastillandi



» Septabene munnsogstöflurnar koma með sítrónu- og hunangsbragði og munnholsúðinn með mentólbragði.

eiginleika virku efnanna stuðlar þannig að þríþættri virkni sem gagnast vel til meðferðar við sýkingum og bólgu í efri hluta öndunarvegna,“ upplýsir Berglind.

„Septabene Krka munnsogstöflurnar og munnholsúðinn eru ætluð til notkunar hjá einstaklingum eldri en 6 ára til staðbundinnar og stuttrar bólgueyðandi, verkja-

Berglind segir Septabene gagnast vel til meðferðar við sýkingum og bólgu í efri hluta öndunarvegna.

stillandi og sýkladrepani meðferðar við ertingu í hálsi, munn og tannholdi. Að auki er munnholsúðinn ætlaður til meðferðar fyrir og eftir tanndrátt,“ heldur hún áfram.

„Þegar nota á Septabene við særindum og bólgu í hálsi skal leysa eina munnsogstöflu hægt upp í munninum á 3–6 klukkustunda fresti. Ekki er ráðlagt að nota lyfið strax fyrir eða eftir tannburstun og ekki skal borða eða drekka í að minnsta kosti eina klukkustund eftir inntöku. Þegar munnholsúðinn er notaður skal opna munninn vel, beina úðastútnum að kokinu og þrýsta 1–2 sinnum á úðadæluna og passa vel upp á að halda niðri andanum meðan úðað er.“

Septabene munnsogstöflur og munnholsúði eru sýkladrepani, bólgueyðandi og verkjastillandi og fast nú án lyfseðils í næsta apóteki. Septabene má ekki nota lengur en í 7 daga. Ef engin áhrif eru greinanleg eftir 3 daga og önnur einkenni en hálsbólga eru til staðar er ráðlagt að leita ráða hjá lækni.■



Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. KRK230304 – Mars 2023



1

Verkjastillandi

2

Bólgueyðandi

3

Sótthreinsandi







Illt í hálsinum?

Septabene®



KVIKKMYNDIR

mánaðarins

CHRIS
PINE

MICHELLE
RODRIGUEZ

REGÉ-JEAN
PAGE

JUSTICE
SMITH

SOPHIA
LILLIS

AND HUGH
GRANT

DUNGEONS
& DRAGONS
HONOR AMONG THIEVES

MARS

Barist við seiðkarla og dreka

Ævintýramyndin Dungeons and Dragons: Honor Among Thieves, verður frumsýnd föstudaginn 31. mars í Sambíóum og í Smárabíó. Myndin byggir á borðspilinu vinsæla Dungeons and Dragons og vísar er að fjölmargir aðdáendur þess biði spennitir og fjölmenni í bíó. Myndin segir frá heillandi þjófi og mislitum hópi ævintýramanna sem leggja af stað í leiðangur til að hafa upp á týndum fornminjum. Hlutirnir fara heldur betur úrskeiðis þegar hópurinn lendir í slagtogi við óvinveitta aðila. Hluti myndarinnar var tekinn upp hér á landi þar sem meðal annars má sjá eldgosinu í Geldingadölum bregða fyrir. Tökur fóru einnig fram á Norður-Írlandi. Aðalhlutverkin eru í höndum Chris Pine, sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt í nýju Star Trek myndunum, og Michelle Rodriguez, sem lék meðal annars í Avatar og var í aðalhlutverki í myndunum Machete og Machete Kills. Stórstjarnan Hugh Grant er einnig í stóru hlutverki í myndinni þar sem hann fer fyrir glæpahópi. Þetta er fjórða bíómyndin sem byggir á borðspilinu en áður höfðu þrjár kvikmyndir komið út á árunum 2000–2012. Dungeons and Dragons: Honor Among Thieves tengist þó á engan hátt söguþræði fyrri mynda. Dungeons and Dragons: Honor Among Thieves, verður frumsýndi á South by Southwest hátíðinni í Texas í Bandaríkjunum föstudaginn 10. mars en fer í almenna dreifingu þar í landi sama dag og frumsýning er hér, eða 31. mars. ■

Sambíóin, Smárabíó og Laugarásbíó



»

Heillandi þjófur og mislitur hópur ævintýramanna leggja af stað í leiðangur.

Frumsýnd 31. mars 2023

Aðalhlutverk: Chris Pine, Michelle Rodriguez, Regé-Jean Page, Justice Smith, Sophia Lillis og Hugh Grant

Handrit: Michael Gilio, John Francis Daley og Chris McKay


Leikstjórn: John Francis Daley og Jonathan Goldstein

12

Átök innan hrings og utan

Hér er á ferðinni þriðja myndin um hnefaleikakappann Adonis Creed en myndin er frumraun aðalleikarans, Michael B. Jordan, í leikstjórasetinu. Forsagan er að Adonis Johnson kynntist aldrei föður sínum, hinum þekhta hnefaleikakappa Apollo Creed, þar sem hann dó í hringnum. En Adonis er með hnefaleikana í blóðinu og fær Rocky Balboa til að þjálfar sig. Rocky Balboa er leikinn af Sylvester Stallone í fyrstu tveimur Creed-myndunum, en þriðja myndin er sú fyrsta í röð Rocky-kvikmyndanna þar sem Sylvester Stallone fer ekki með hlutverk. Í upphafi Creed III hefur Adonis Creed náð á toppinn í hnefaleikunum, ferill hans hefur gengið vel og fjölskyldulífið er í blóma. En þá kemur æskuvinur hans og fyrrverandi hnefaleikastjarna, Damian, aftur fram á sjónarsviðið eftir að hafa afplánað langa fangelsisvist. Damian vill sýna og sanna að hann eigi afturkvæmt í hringinn. Átök fyrrverandi vinanna snúast um meira en bardagann einan. Til að leiða málið ti lykta þarf Adonis að leggja framtíðina að veði og berjast við Damian – sem hefur engu að tapa. Í myndinni mætast menn sem valið hafa ólíka leið í lífinu í sama hringnum. Með því að láta persónurnar horfast í augu við ágreiningsmál sín vill leikstjórinn endurspegla þær lexíur sem lífið hefur kennt honum sjálfum. Eins vildi hann taka á málum eins og eitraðri karlmennsku og velta upp spurningunni: Hvað gerist ef þú horfist ekki í augu við fortíðina? ■

Sambíóin og Smárabíó



»

Adonis Creed hefur náð á toppinn en þarf að takast á við æskuvinninn.

Frumsýnd 3. mars 2023

Aðalhlutverk: Michael B. Jordan, Tessa Thompson, Jonathan Majors, Wood Harris, Mila Davis-Kent og Florian Munteanu

Handrit: Keegan Coogler og Zach Baylin

Leikstjórn: Michael B. Jordan

12

Ofurhetjurnar snúa loks aftur

Í kvikmyndinni Shazam! Fury of the Gods, sem frumsýnd verður í Sambíóunum, Smárabíói og Laugarásbíói núna í mars, heldur saga táningsins Billy Batson áfram. Myndin er framhald af kvikmyndinni Shazam! sem kom út árið 2010. Hér snýr Asher Angel aftur í hlutverki Billy Batson og Zachary Levi snýr aftur sem Shazam. En þegar Billy segir töfraorðið „SHAZAM!“ breytist hann í fullorðnu ofurhetjuna Shazam. Shazam! hlaut mikið lof gagnrýnenda fyrir að vera léttari og skemmtilegri en fyrri myndir í DCEU-röðinni en það hefur verið nokkur bið eftir framhaldinu. Upphaflega átti Shazam! Fury of the Gods að koma út 1. apríl 2022, en heimsfaraldurinn setti strík í reikninginn. Eftir þrjár frestanir í viðbót geta áhorfendur loks fengið að sjá framhaldið af ævintýrum ofurhetjunnar Shazam í kvikmyndahúsum nú í mars. Í myndinni þurfa Billy Batson og föstursystkin hans, sem öll geta breyst í ofurhetjur, að berjast við Dætur Atlasar. Dæturnar eru leiknar af ekki síðri leikkonum en Helen Mirren, Lucy Liu og Rachel Zegler. Billy og föstursystkinin, sem leikin eru af Jack Dylan Grazer og Adrian Brody sem Frederick „Freddy“ Freeman, Ross Butler og Ian Chen sem Eugene Choi og Meagan Good og Faithe Herman sem Darla Dudley, þurfa að koma í veg fyrir að dætur Atlasar noti vopn sem gæti eytt heiminum. ■

Sambíóin, Smárabíó og Laugarásbíó



»

Billy Batson og föstursystkin hans berjast við Dætur Atlasar.

Frumsýnd 17. mars 2023

Aðalhlutverk: Zachary Levi, Asher Angel, Jack Dylan Grazer, Rachel Zegler, Adam Brody, Ross Butler, Meagan Good, Lucy Liu, Djimon Hounsou, Helen Mirren

Handrit: Chris Morgan, Henry Gayden og Laura Nativo

Leikstjórn: David F. Sandberg

12

Hryllingurinn heldur áfram

Scream VI er sjötta myndin í röð Scream-hrollvekjanna sem notið hafa mikilla vinsælda í árána rás. Sú fyrsta kom út árið 1996 og síðan komu þær koll af kolli, árin 1997, 2000 og 2011, öllum leikstýrt af Wes Craven. Þá varð langt hlé á Scream-hrollnum á hvíta tjaldinu, eða þar til Scream V kom út í fyrra og er Scream VI beint framhald af henni. Í Scream VI ákveða systurnar Samantha og Tara Carpenter að yfirgefa Woodsboro, ásamt tvíburunum Chad og Mindy Meeks. Planið er að hefja nýtt og áhyggjulaust líf í New York eftir blóðugan bardaga við morðingjann með draugagrimuna, en viti menn; áður en langt um liður finnur morðinginn þau á ný og hryllingurinn hefst fyrir alvöru. Kanadíska leikkonan Neve Campbell, sem lék persónuna Sidney Prescott í öllum Scream-myndunum, tilkynnti að hún myndi ekki snúa aftur í Scream VI þar sem henni hugnaðist ekki launasamningurinn sem lagður var fyrir hana. „Sem kona þarf ég að vinna hörðum höndum til að halda virði mínu í bransanum, og ekki sist gagnvart Scream. Mér fannst tilboðið ekki samræmast því virði sem ég hef lagt til framleiðslu myndanna. Það er erfið ákvörðun að segja skilið við Scream og ég elska alla Scream-aðdáendurna mína. Bið hafið verið ótrúlega stuðningsrík og ég verð ævinlega þakklát fyrir ykkur og það sem Scream hefur gefið mér síðastliðin 25 ár,“ sagði Neve að skilnaði við Scream-ævintýrið. ■

Sambíóin, Smárabíó, Laugarásbíó



»

Samantha, Tara, Chad og Mindy geta ekki flúið m orðingjann með drauga-grimuna.

Frumsýnd 10. mars 2023

Aðalhlutverk: Melissa Barrera, Jasmin Savoy Brown, Mason Gooding, Jenna Ortega, Hayden Panettiere, Courtney Cox og Dermot Mulroney.

Handrit: James Vanderbilt, Guy Busick og Kevin Williamson.

Leikstjórn: Matt Bettinelli-Olpin og Tyler Gillett.

16

Popp & Coke

HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR



Bráðfyndið hörkutól í leit að réttlætinu

Murat hefur verið lokaður í fanga-búðunum við Guantanamo-flóa á Kúbu. Í kjölfarið leitar móðir hans, Rabiye Kurnaz, tyrknesk kona frá Bremen, allra tiltækra leiða til þess að bjarga honum. Hún leitar hjálpar hjá yfirvöldum, lögreglu og lögfræðingum en blöskrar vanmáttur þeirra. Þá rekst hún á lögfræðinginn Bernhard Döcke. Saman stýrir þetta ólíklega dúó, örgeðja tyrknesk móðir og hlé-drægur mannréttindalögfræð-ingur, hetjulegri björgunaraðgerð til að frelsa soninn úr pólitískum krumlum stórveldisins.

Baráttan er löng og ströng og á fimm ára tímabili liggur leiðin til Washington þar sem Bernhard og Rabiye höfða mál gegn George W. Bush í hæstarétti Bandaríkjanna. Rabiye Kurnaz er kona sem gleymist seint, enda grátbroslega seig og hörð í horn að taka. Með hinn rólega Bernhard sér við hlið og seigluna að vopni tekst þeim að framkvæma ótrúlegt stórvirki.

Rabiye Kurnaz vs. George W. Bush sló rækilega í gegn á kvik-myndahátíðinni Berlinale, þar sem hún keppti um Gullbjörninn og hlaut verðlaun fyrir besta hand-ritið og bestu aðalleikkonuna.

Aðalleikkonan er gjörsmlega ógleymanleg í hlutverki hörku-kvendis sem kallar sko ekki allt ömmu sína. Myndin er ein allra besta þýska kvikmynd ársins, sem þú vilt ekki missa af! Meltem Kaplan var tilnefnd sem besta leikkonan í aðalhlutverki á nýaf-stöðnum Evrópsku kvikmynda-verðlaununum sem haldin voru í Hörpu í desember. ■

Bió Paradís



Fróðleikur

- Leikstjóri kvikmyndarinnar, Andreas Dresen, er fæddur árið 1963 í Austur-Þýskalandi inn í mikla leikhúsfjölskyldu. Hann hóf kvik-myndaferilinn einungis sextán ára gamall þegar hann skaut sína fyrstu kvikmynd sem áhugamaður.
- Sagan byggir á sönnum atburðum þegar Muran Kurnaz, ungur þjóðverji af tyrkneskum uppruna, var lokaður í fangabúðum Guantanamo-flóa. Murat sætti kerfisbundnum misþyrmingum og hefur enn hvorki fengið bætur né afsökunarbeiðni vegna með-ferðarinnar á sér.

» **Rabiye Kurnaz er kona sem gleymist seint, enda grátbroslega seig og hörð í horn að taka.**

Frumskýnd
24. febrúar 2023
Aðalhlutverk:
Meltem Kaptan, Alexander Scheer, Charly Hübner

Handrit:
Laila Stieler

Leikstjórn:
Andreas Dresen

Þýska, tyrkneska og enska með íslenskum texta

6



Geðvondi Finninn snýr aftur

Hinn fúllyndi Grump sló í gegn í íslenskum kvikmyndahúsum fyrir átta árum síðan og nú er hann kominn aftur!

The Grump: In search of an Escort er bráðskemmtileg gamanmynd sem fjallar um nöldursegg sem kallaður er The Grump.

Lif Grumps er í föstum skorðum og líður áfram af gömlum vana. Hann sinnir dag-legum störfum á böndabæ sínum í Finnlandi en minningar hans um eldri bróður sinn Tarmo taka að skjóta upp kollinum og angra hann.

Tarmo flutti til Þýskalands fyrir áratugum og bræðurnir hafa ekki haldið sambandi, jafn-vel þótt þeir hafi verið bestu vinir sem börn.

Þegar Grump klessir Escort-bílinn sinn svo hann eyðileggst og endar á hauginum kemur ekki til greina að kaupa nokkra aðra tegund af bíl. Nálægasta Escort-bíl af árgæðinni 1972 er að finna í Þýskalandi. Grump ferðast því þangað með ferða-tösku fulla af seðlum til að freista þess að kaupa bílinn. Ferðin fer aftur á móti öðruvísi en Grump lagði upp með. Hann er rændur og vaknar á sjúkrahúsi með Tarmo sitjandi við rúmstokkinn. Þeir enda á að leita að Escort-bíl saman og kynnst hvor öðrum upp á nýtt í leiðinni.

The Grump: In search of an Escort er saga sem fjallar um að græða áratugagömul sár, saga um sátt og fyrirgefningu. ■

Bió Paradís



Fróðleikur:

- Kvikmyndin er byggð á skáldsögu eftir rithöfundinn Tuomas Kyrö. Hann skrifaði nokkrar sögur um sömu persónuna sem upphaflega voru settar upp sem útvarpsleikrit. Útvarpsleikritin nutu mikilla vinsælda og í framhaldi af þeim skrifaði Tuomas Kyrö skáldsögur sem einnig urðu vinsælar.
- Leikstjórinn Mika Kaurismäki hefur sagt að myndin endurspegli að einhverju leyti persónulega reynslu hans af sambandi sínu við bróður sinn. Hann segir að það að eiga yngri bróður sem er örlítið skapstygður hafi hjálpað honum að tengja við aðstæður bræðranna í myndinni.

» **Grump fer til Þýska-lands í leit að Escort-bíl og finnur bróður sinn.**

Frumskýnd
15. mars 2023
Leikstjóri:
Mika Kaurismäki

Handritshöfundur:
Daniela Hakulinen

Aðalhlutverk:
Rosalie Thomass, Kari Väänänen, Ville Tiihonen

Finnenska með íslenskum texta

6



HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio-Kult Advanced inniheldur 14 tegundir
sérvaldra frostþurrkaðra gerlastofna



Sérhönnuð góðgerlablanda sem hefur það að markmiði að byggja upp öfluga þarmaflóru og styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Bio Kult Advanced er jafnframt ein af fáum góðgerlablöndum sem innihalda jafn marga gerlastofna.

Bio-Kult góðgerlar henta vel samhliða sýklalyfjum en mælt er með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst. eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir bestan árangur.

Bio-Kult®
Advanced

Leyniskyttan tekst á við öflugri óvini

Í fjórðu myndinni um leyniskyttuna John Wick sem leikin er af Keanu Reeves tekst söguhetjan á við hættulegustu andstæðinga sína til þessa. Hann hefur fundið leið til að sigra háborðið, en áður en hann getur öðlast frelsi frá leynisamtökunum sem hann tilheyrir þarf hann að takast á við nýjan óvini. Óvini með öfluga bandamenn um allan heim og öfl sem breyta gömlum vinum í óvini. John mætir andstæðingum sínum á sama tíma og lausnargjaldið sem greitt er fyrir að hafa hendur í hári hans hækkar stöðugt og hefur aldrei verið hærra.

Tæp fjögur ár eru liðin frá frumsýningu þriðju myndarinnar um John Wick og því ljóst að aðdáendur hetjunnar hafa beðið John Wick: Chapter 4 með eftirvæntingu. Fyrsta myndin John Wick kom út árið 2014, í kjölfarið fylgdu tvær framhaldsmyndir. John Wick: Chapter 2 árið 2017 og John Wick: Chapter 3 – Parabellum árið 2019. Tvær hliðarsögur eru í framleiðslu og koma út á þessu ári, þættirnir The Continental og kvikmyndin Ballerina.

Fæðingarnafn John Wick er Jardani Jovanovich. Hann fæddist í Padhorje í Sovétríkjunum 1964. Á ákveðnum tímapunkti fengu glæpasamtökin Ruska Roma hann til liðs við sig og kenndu honum bardagalist, vopnaburð, taktískan akstur, undankomufraði og fleira. John Wick er meistari í ýmsum bardagastílum: japönsku jiu-jitsu, brasilísku jiu-jitsu, júdó, gun fu og sambo. ■

Laugarásbió, Smárabíó og Sambíóunum Egilshöll



Fróðleikur:

- Í ágúst 2020 var tilkynnt að fimmti kafli sögunnar um John Wick væri á teikniborðinu og að myndin yrði tekin upp samhliða fjórða kafla. Síðar var þó ákveðið að taka kafla fjögur upp einan og sér og óvist er hvort fimmti kafli verði að veruleika. Keanu Reeves hefur sagt að það velti á viðbrögðum áhorfenda við fjórða kafla.
- Þegar leikstjórinn Chad Stahelski var beðinn að lýsa John Wick Chapter 4 í viðtali við kvikmyndatimaritið Empire sagði hann: „Ef þú lætur The Good, The Bad and The Ugly mæta Zatoichi og bætir við grískum goðsögum þá færðu líklega eitthvað í líkingu við myndina.“

» Áður en hann getur öðlast frelsi frá leynisamtökunum sem hann tilheyrir þarf hann að takast á við nýjan óvini.

Frumsýnd
23. mars 2022

Aðalhlutverk:
Keanu Reeves, Donnie Yen, Ian McShane, Bill Skarsgård, Laurence Fishburne, Clancy Brown

Handrit:
Michael Finch, Derek Kolstad, Shay Hatten

Leikstjórn:
Chad Stahelski



Frelsun keisaraynjunnar í Kína

Ástríkur og Steinríkur: Miðríkið er sú fimmta í röðinni í leiknu kvikmyndaseríunni um þá félaga. Áður hafa komið út Ástríkur og Steinríkur: Gegn Sesari (1999), Ástríkur og Kleópatra (2002), Ástríkur á Ólympíuleikunum (2008) og Ástríkur og Steinríkur: Guð blessi Bretland (2012).

Það er árið 50 fyrir Krist og keisaraynjunni af Kína er haldið fanginni af hinum svikula prinsí Deng Tsin Qin sem hefur framið valdarán. Með hjálp föníska kaupmannsins Finalthesis og síns trausta lífvarðar Mai Wei, tekst prinsessunni Sass-Yi, einkadóttur keisarynjunnar, að flýja til Gaulverjabæjar. Hún biðlar til hinna hugdjörfu hreystimenna Ástriks og Steinríks að hjálpa sér að frelsa keisarynjuna.

Þau sem þekkja til sagnanna um Gaulverjana hraustu vita að þeir dádadrengrir neita aldrei ævintýrum enda búa þeir yfir ofurmannlegum styrk þökk sé seiðkarlinum í Gaulverjabæ. Upp hefst epísk hættuför til þess að frelsa móður prinsessunnar og bjarga Miðríkinu úr krumlum Deng Tsin Qin. Á sama tíma leggur hinn valdabýrsti Júlíus Sesar af stað með sínu öfluga herliði í átt að Miðríkinu.

Guillaume Canet, sem leikur Ástrík og leikstýrir myndinni, ólst upp í sveit nálægt París. Hann átti sér draum á unga aldri um að verða knapi og keppa í hestaíþróttum en sá draumur fjaraði út eftir slæma byltu. En í kjölfarið hófst fjölbreyttur og farsæll leiklistar- og leikstjórnarferill Guillaume. ■

Laugarásbió, Smárabíó og Háskólabíó



Fróðleikur

- Tökur áttu að hefjast í Kína 2020 en var frestað um vegna faraldursins. Ári síðar var ákveðið að taka myndina upp í Frakklandi vegna pólitískra ástæðna.
- Ástríkur og Steinríkur: Miðríkið er fyrsta kvikmyndin um þá kauða sem ekki er byggð á neinni af myndasögunum og þar sem Steinríkur er ekki leikinn af hinum frækna leikara Gérard Depardieu.

» Upp hefst epísk hættuför til þess að frelsa móður prinsessunnar og bjarga Miðríkinu úr krumlum Deng Tsin Qin.

Frumsýnd
3. mars 2023

Aðalhlutverk:
Guillaume Canet Gilles Lello-uche og Vincent Cassel


Handrit:
Philippe Mechelen & Julien Hervé

Leikstjórn:
Guillaume Canet



m&m's

MEÐ
BÍÓMYNDINI



Mögulega fyndnustu myndir kvikmyndasögunnar

Snemma á sjöunda áratug síðustu aldar fékk leikstjórinn Blake Edwards þá hugmynd að gera mynd um demantabjóf sem héldi við eiginkonu rannsóknarlög-reglumannsins sem væri að reyna að góma hann.

Vonbrigði David Niven
David Niven, sem lék demantabjóf-inn fagaða, Sir Charles Lytton, átti að vera í aðalhlutverki í myndinni The Pink Panther (1963). Svo réð Blake Edwards Peter Sellers sem Clouseau og náðu þeir svo vel saman að þeir fóru að spinna og spila handritið eftir eyranu. Þegar myndin kom út duldist engum að Clouseau var höfuðpersóna myndarinnar. Niven gramdist þetta svo að hann fór fram á að titillag myndarinnar yrði ekki spilað þegar hann kom fram á Óskars-verðlaunahátíðinni ári síðar.

Peter Ustinov sem Clouseau
Upphaflega hafði Edwards valið Peter Ustinov í hlutverk Clouseau og Övu Gardner til að leika Simone, eiginkonu hans. Einhvern veginn er erfitt að ímynda sér annan leikara en Peter Sellers í hlutverki Clouseau, enda hafa aðrir reynt að fara í skóna hans og mistekist.

Fékk ekki Audrey Hepburn
Blake Edwards reyndi að fá Audrey Hepburn, sem hann hafði leikstýrt í Breakfast at Tiffany's (1961), í hlutverk Dala prinsessu. Þegar



Peter Sellers hefur skemmt okkur í 60 ár í hlutverki inspector Clouseau.



Clouseau átti krók á móti bragði.

það tókst ekki fékk hann Claudiu Cardinale í hlutverk prinsessunnar fögru.

Blake Edwards var klaufinn
Peter Sellers hóf feril sinn í útvarpi og var ekki mjög leikinn í fíflalátum og ærslaleik. Blake Edwards var víst hins vegar hinn mesti klaufi og miðlaði Sellers úr gnægtabrunni sínum á því sviði.

David Niven kól á versta stað
David Niven ákvað að æfa sig í heilan dag fyrir skíðaatriðið með Dala prinsessu og æfði sig í búningnum sem hann átti að vera í við tókur. Vandamálið var bara að búningurinn var allt of skjóllitill í kuldanum sem var í ítölsku Ölpunum og sagðist hann hafa tekið fölbláan jafnaldrann í lok dags og dýft honum í viski þar til hann þiðnaði.

Clouseau skrifaður inn
Framhaldsmynd The Pink Panther, A Shot in the Dark (1964), átti ekki að vera framhaldsmynd, heldur kvikmyndaútgáfa samnefnds leikrits. Peter Sellers var ráðinn til að leika í henni og var óánægður með framganginn og óskaði eftir aðstoð Edwards. Edwards las handritið og sam-



Minnstu munaði að illa færi fyrir David Niven við æfingar fyrir þetta atriði.



Annálaðan klaufaskap Clouseau sótti Peter Sellers í smíðju Blake Edwards leikstjóra.

þykkti að koma að verkinu ef hann fengi að endurskrifa handritið og flétta Clouseau inn í það.

Sellers vildi ekki þriðju myndina
Sellers var ekki ánægður með A Shot in the Dark sem sló samt í gegn. Hann neitaði að leika í þriðju myndinni, Inspector Clouseau (1968), og Alan Arkin lék Clouseau í þeirri mynd. Edwards kom heldur ekki að henni og olli hún miklum vonbrigðum.

Sellers og Edwards voru þó báðir mættir aftur til leiks þegar The Return of the Pink Panther var framleidd 1975. Þeir komu svo báðir að tveimur myndum í viðbót, The Pink Panther Strikes Again (1976) og Revenge of the Pink Panther (1978). Sellers lést svo af völdum hjartaáfalls 1980. Síðan hafa verið gerðar tilraunir til að framleiða myndir um bleika pardusinn. Um þær verður best sagt: Varist eftirlíkingar! ■



KVIKMYNDAGETRAUN

Í samstarfi við Myndform:
Sex miðar í bíó, popp og gos.
Farið inn á kvikmyndir.is og
svarið nokkrum laufléttum
spurningum í boði þáttarstjórnenda
Bíóbæjarins.





Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS



Metnaður í eldhúsinu gerir gæfumuninn



Steikhúsið er veitingastaður marsmánaðar í þættinum Matur og heimili en það fagnaði tíu ára afmæli á síðasta ári. Steikhúsið er annálað fyrir ómótstæðilega ljúffengar steikur og framúrskarandi þjónustu.

Félagarnir Eyjólfur Gestur Ingólfsson matreiðslumeistari og Hilmar Hafsteinsson framreiðslumeistari eiga og reka Steikhúsið ásamt G. Hafsteini Egilssyni og Niels Hafsteinssyni.

„Sérstaða okkar felst í því að við erum steikhús og leggjum upp úr því að bjóða upp á besta mögulega kjöt sem er í boði á Íslandi í dag. Einnig erum við með „dry age“ kæliskáp, sem er sá fyrsti sinnar tegundar á landinu, til að kúnarnir geti fengið gæðavörur enn þá betri. Upplifunin sem við viljum leggja upp með er létt en fagmannleg þjónusta svo að viðmótið henti sem flestum og öllum liði sem best inni á staðnum. Við leggjum mikið upp úr því að menntaðir fagmenn vinni bæði í sal og eldhúsi til að upplifunin verði sem best fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Hilmar í glæsilegum salarkynnum Steikhússins í gamla Hamarhúsinu við Tryggvagötu 4–6.

„Við fengum Leif Welding til að hanna staðinn og móta hugmyndirnar sem við lögðum upp með. Þar sem áður var stálsmiðja í húsinu vildum vera með rústik-þema og tengja það tannhjólum og kopar. Okkur fannst það eiga vel við þar sem við þurfum mikinn hita í kolaofninn til að grilla steikurnar eins og við viljum hafa þær. Við vildum líka tengja okkur við vöðvana úr skepnunni og gráðurnar sem við eldum kjötið upp í kjarnhita, og þess vegna erum við með mynd af nautgrip á veggnum sem sýnir vöðvaskiptingu á nautinu og spjald sem sýnir kjarnhita miðað við steikingar,“ útskýrir Hilmar.

Gestir velja steikurnar sjálfir
Sérstaða matseðils Steikhússins felst að mestu leyti í kjötinu á matseðlinum.

„Við bjóðum gestum okkar að velja sínar steikur og svo geta þeir búið til sinn eigin rétt þar sem þeir velja sér meðlæti og sósur eftir eigin höfði. Við leggjum mikið upp úr fjölbreytileika og erum einnig með forrétti, fiskrétti, eftirrétti og grænmetisrétt svo allir geta fengið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Eyjólfur matreiðslumeistari.

Hugmyndafræðin á bak við matseðilinn hafi alltaf verið sú sama í



Í Steikhúsinu er lagður mikill metnaður í eldun og framsetningu rétta sem eru bornir fram á fallegan og girnilegan hátt.



Eyjólfur Gestur Ingólfsson matreiðslumeistari og Hilmar Hafsteinsson framreiðslumeistari eru meðal eigenda Steikhússins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein

Einstök virkni **sæbjúgaextrakts** úr íslensku hafi

partur af lífinu

PROTIS

liðir

VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hluti

Íslenskt fiskbólagn

NORDIC NUTRITION ●

PROTIS

Fæst í helstu matvöruverslunum, apótekum og á www.protis.is



Steikhúsið er í Tryggvagötu í sjarma gamla miðbæjarins.



Hönnun Steihússins er í rústik-stil með kopar í forgrunni.



Á Steikhúsinu geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er kjöt, fiskur, forréttir, eftirréttir eða grænmetisréttur.

Nýja Ísland, óskalandið

Í dag



Karl Th.
Birgisson

Man nokkur lengur eftir hruninu? Þegar bankakerfið féll, gjaldmiðillinn hrundi (einu sinni enn), fjöldi fólks missti aleigu sína, sumir sviptu sig lífi, eins konar bylting varð, einhver náungi í Garðabæ fór með ýtu á nýbyggt húsið sitt og eldar voru kveiktir á götum úti.

Þetta er stutta og ófullkomna útgáfan. Farið á bókasafnið og finnið Hrunið eftir Guðna Th. Jóhannesson til að fá umfangsmikla og heiðarlega lýsingu.

Slátrið

En sumsé. Eftir hið svokallaða hrun varð að almennum sannindum meðal hinna skrafandi stétta að nú þyrftum við að huga að okkar eigin. Fara aftur í kjarnann. Búa til nýtt Ísland. Þar stóð tvennt upp úr.

Að þrjóna lopapeysur og taka slátur. Hætta þessari yfirgengilegu neyzlu. Það var nýja Ísland. Þetta var orðið töff og inn.

Olræt. Að vísu jókst sala á innmat sauðfjár lítilliga, en alveg innan skekkjumarka. Framboð á lopapeysum og vaðmáli varð ekki til muna meira.

Hins vegar liðu ekki margar vikur þangað til Smáralindin fylltist aftur af neyzluþyrstu fólki að kaupa alls konar sem það vantaði ekki.

Skýrslan

Um hið svokallaða hrun var skrifuð löng skýrsla, heil níu bindi, frá alls kyns sjónarhornum – pólitík, viðskiptum, siðferði, júnheimit.

Um ekkert þessara sjónarmiða var að nokkru leyti hirt í aðdraganda hins svokallaða hruns. Enda til hvers?

Sjáðið ekki veizluna, drengir? spurði maðurinn.

Blessunarlega brást ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms við þessum texta og lærdómi öllum, og margt breyttist í kjölfarið.

Þess vegna til dæmis hefur fjármálaráðherra núna verið böstaður í sölnunni á hlutum ríkisins í Íslandsbanka. Honum finnst það smámál. Eðlilega.



Við erum bara hérna strákarnir í smá bissetti. Að selja eigin almenningsskipti til vana og ættingja. Þarf ekkert að skoða frekar eða segja meira um það. Næsta mál, takk.

Önnur skýrsla

Það er ýmis skýrslan.

Á dögunum birti ríkisendurskoðun aðra slíka. Hún lýsir því líkri óstjórn, óreiðu, vinargreiðaspillingu og almennu fúski, að hún gæti verið um minkaeldi, ef hún væri ekki um laxeldi í sjó.

Minkurinn er vargur í íslenskri náttúru. Um eldislaxinn vitum við minna, en höfum ástæðu til að óttast hið versta.

Enginn hefur treyst sér til að verja þau ósköp sem þarna er lýst. Enginn.

Ekki einu sinni fyrirtækin í greininni, sem græddu milljarða á slóðaskapnum.

Einn starfsmaður ráðuneytis missti vinnuna vegna augljósrar spillingar.

Við erum bara hérna strákarnir í smá bissetti. Að selja eigin almenningsskipti til vana og ættingja.

Annars ekkert. Nada.

Næsta verkefni er að þröngva fiskeldi upp á Seyðfirðinga, gegn vilja langflestra bæjarbúa, að við nefnum ekki lögum um siglingaleiðir og ýmislegt fleira.

Þar á að afhenda Norðmönnum ókeypis aðgang að náttúru sem þeir þyrftu að borga milljarða fyrir heima hjá sér.

Sveitarfélagið hefur ekkert vald í málinu og uppskæri varla milliprósent af væntanlegum ofurgróða.

Eins og þau þekkja annars staðar fyrir austan og vestan.

En ekkert gerist. Allt er á sjálfstýringu, eins og við strákarnir viljum auðvitað hafa það.

Ein ekki-skýrsla

Hún er um sölnu á eignum Lindarhvals, sem fékk í fangið eignir þrotabúa gömlu bankanna.

Hér er sagan ögn flókin. Ríkisendurskoðandi var vanhæfur svo að fenginn var annar tímabundinn, Sigurður Þórðarson, reyndar áður ríkisendurskoðandi. Hann skilaði skýrslu, sem eftir öllum sólarmerkjum að dæma er ekki traustvekjandi um fjármálaráðherra (já, þið megið byrja að verða hissa núna).

Nokkru síðar var enn annar ráðinn ríkisendurskoðandi, sem var ekki vanhæfur, og hann skilaði líka skýrslu.

Ef ég þekki Sigurð Þórðarson rétt, þá hefur hann skrifað texta á mannamáli enda loftskæmtamaður í grunninn og veit að nákvæmt orðalag skiptir máli.

Ríkisendurskoðandi heyrir undir alþingi og skilar skýrslum sínum þangað. Önnur þeirra í þessu tiltekna máli hefur ekki komið fyrir sjónir almenninga.

Skýrsla Sigurðar Þórðarsonar

Forseti alþingis situr á henni eins og ríkisendurskoðandi sé privatstarfsmaður hans, en ekki þingsins alls – og bannar meiraðsegja fyrirspurnir um hana.

Birgir Ármannsson er vökull varðmaður um óbreytt ástand hvar sem því er ógnað.

Okkar dásamlegi fjármálaráðherra hefur komið sér upp frasa, sem er þessi: „Það getur bara verið ein skýrsla í hverju máli.“ En hér er ekkert að fela, bætir hann við.

Bara við strákarnir í smá bissetti að selja eigin almenningsskipti.

En nú að allt öðru

Reglulega berast af því fréttir að í skólplögnum höfuðborgarsvæðisins finnist umtalsvert meiri kókaínleifar en í nágrennalöndunum.

Því miður virðist nýja Ísland fjær en áður.

Neyzlan meiri og við strákarnir í eftirlitslausum bissetti með hagsmuni almenninga. ■

Dagur heyrnar



Halla B.
Þorkelsson
formaður
Heyrnarhjálp
landsfélags
heyrnarskertra

Samkvæmt tölum frá WHO má reikna með að um 20% Íslendinga glími við heyrnarmein af einum eða öðrum toga. Spár WHO gera því miður ráð fyrir 10% aukningu á næstu 13 árum.

Heyrnarskerðing er mögulega algengasta falda fötlunin og kostar, ef hún er ómeðhöndluð, gríðarlega fjármuni fyrir samfélagið og einstaklinginn sjálfan. Ísland hefur dregist aftur úr í málefnum heyrnarskertra síðustu áratugin. Áætlað er að kostnaður í Evrópu

vegna ómeðhöndlaðrar heyrnarskerðingar sé 213 milljarðar evra á ári hverju samkvæmt alþjóðlegu vísindaskýrslunni Evaluation of the Social and Economic Cost of Hearing Impairment. Þetta jafngildir um 473 evrum (71.660 íslenskum krónum) á ári fyrir hvern fullorðinn íbúa Evrópu.

Það skiptir gríðarlega miklu máli að gæta að heyrnarheilsu sinni. Nota viðeigandi heyrnarhlífir í hávaða, spila tónlist í eyrunum ekki of hátt (airpod). Láta fylgjast með heyrninni með reglubundnum mælingum eftir að ákveðnum aldri er náð, svo sem 55–60 ára, og hefja notkun á heyrnartækjum um leið og heyrnarfræðingar telja æskilegt. Við hjá Heyrnarhjálp höfum orðið vör við að annars vegar er hópur sem hefur dregið það allt of lengi að fá sér heyrnartæki, heyrn þeirra orðin verulega slæm þegar



tæki eru tekin í notkun og ákveðinn ómöguleiki við að venja sig á notkun þeirra. Greining á talhljóðum orðin verulega slæm og einangrun og slæm heilsa vilja gjarnan fylgja í kjölfarið.

Hins vegar er það hópur sem telur

það gjarnan ósmart að bera heyrnartæki. Gömul og úrelt viðhorf og þarf virkilega á viðhorfsbreytingu að halda, enda verulega ósmart að halda sér illa heyrandi með allri þeirri streitu sem því fylgir.

Eitt af mikilvægum málefnum

Það skiptir gríðarlega miklu máli að gæta að heyrnarheilsu sinni.

Heyrnarhjálp er aðgengi, þar með talið rittúlkun. Heyrnarhjálp fékk styrk frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vegna verkefnis um að rjúfa einangrun og bjóða upp á rittúlkad stólajóga fyrir alla sem glíma við heyrnarskerðingu og er það frítt fyrir félagsmenn. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins. ■

MERKISATBURÐIR

1200 Bein Jóns Ögmundssonar Hólabiskups eru grafin úr jörðu og er Jónsmessa á föstu til minningar um þann atburð.

1918 Brest-Litovksamningurinn er undirritaður og Rússar draga sig þar með út úr fyrri heimsstyrjöldinni.

1938 Olía finnst í Sádi-Arabíu.


1955 Elvis Presley kemur fram í sjónvarpi í fyrsta sinn.

1982 Bandaríska leikkonan Jessica Biel fædd.

1986 Ástralía fær fullt sjálfstæði frá Bretlandi.

ÞETTA GERÐIST

3. MARS 1923



Fyrstu kápu Time árið 1923 prýddi Joseph G. Cannon, en þá nýjustu frá því í síðustu viku var það gervigreindin ChatGPT.

Time fagnar aldarafmæli

arnartomas@frettabladid.is

Bandaríska tímaritið Time var fyrst gefið út þann 3. mars 1923. Kápu fyrsta blaðsins prýddi Joseph G. Cannon, fyrrverandi þingforseti, og var blaðið alls aðeins um 32 blaðsíður.

Mennirnir að baki blaðinu voru tveir ungir blaðamenn, þeir Henry R. Luce og Briton Hadden sem vildu upplýsa lesendur sína á skilvirkan hátt um málefni liðandi stundar í Bandaríkjunum og heimsbyggðinni. Upphaflega stóð til að blaðið yrði kallað Facts (isl. Staðreyndir) en það breyttist síðar yfir í Time.

Til að byrja með var Hadden ritstjóri blaðsins og Luce viðskiptastjóri og náði Time fljótt mikilli útbreiðslu. Árið 1927 var það orðið að áhrifamesta fréttatímaritinu í Bandaríkjunum með um 175 þúsund lesendur. Hadden lést út streptókokkasýkingu 1929 og tók Britton þá við stöðu ritstjóra.

Áður en hann lést lét Hadden gera erfðaskrá og eftirlét móður sinni öll hlutabréf í fyrirtækinu og bannaði fjölskyldu sinni að selja þau næstu 49 ár. Innan við ári síðar hafði Luce tekist að komast yfir öll hlutabréf Hadden og lét fjarlægja nafn hans úr haus fyrirtækisins.

Næstu áratugi starfaði Luce sem ritstjóri blaðsins, allt til ársins 1964 þegar hann tók við titlinum ritstjórnarformaður hjá Time Inc., útgefanda tímarítsins. Innihald blaðsins hafði lengi verið lítað af íhaldssömum skoðunum Luce en á áttunda áratugnum varð tónninn í frétt aflutningnum hlutlausari.

Eitt af helstu einkennum Time er rauði ramminn á kápu blaðsins sem hefur aðeins verið breytt stöku sinnum síðan að hann var tekinn í notkun 1927. Þar má sem dæmi nefna sérblað sem gefið var út með svörtum borða eftir hryðjuverkaárásirnar 2001, blað með kápu um Jarðardaginn 2008 með grænum borða og blaðið sem gefið var út eftir andlát Elísabetar Englandsdrottningar í fyrra sem hafði silfurborða. ■



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, yndislegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Guðjón Guðmundsson
fv. skurðlæknir og yfirlæknir á Akranesi,

lést á Hrafnistu Laugarási þriðjudaginn 28. febrúar. Útför hans fer fram mánudaginn 13. mars klukkan 13 frá Grafarvogskirkju. Þeim sem vilja minnast Guðjóns er bent á Skálasjóð Skógarmanna KFUM.

Guðrún Ellertsdóttir
Kristinn Ellert Guðjónsson **Ríkka Mýrdal Einarsdóttir**
Gunnar Þór Guðjónsson **Anne-Mette Glerup**
Guðmundur Örn Guðjónsson **Herdis Gunnarsdóttir**
Guðrún Huld, Íris Mýrdal, Matthías, Kristinn, Mathilde, Davíð, Elísabet Rut, Alma Thorun, Markús, Rebekka Sif, Valdemar Örn, Emilía Ríkka, Kristinn Mýrdal, Ársæll Örn



Ólafur Darri er þessa dagana á fullu að leika í þáttunum Severance.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Athyglissjúkur intróvert

Það er nóg að gera hjá Ólafi Darra Ólafssyni sem fagnar fimm-tugsafmæli í dag.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég hef yfirleitt alltaf verið frekar stilltur yfir því að eldast og ekki verið mikið fyrir að halda upp á afmælin mín,“ segir Ólafur Darri Ólafsson sem fagnar fimm-tugsafmæli í dag. „Ég er samt þakklátur fyrir að fá að eldast, horfa á börnin mín vaxa úr grasi og prófa eitthvað nýtt.“

Verandi lítið afmælisbarn býst Ólafur Darri þannig við að deginum í dag verði varið í rólegum samverustundum með fjölskyldunni.

„Ég held ég freistist nú til að halda partí í vor samt,“ segir hann.

Handbragð Stiller

Það er nóg í pipunum hjá Ólafi Darra sem er þessa dagana að leika í margverðlaunuðu þáttunum Severance undir leikstjórn vinar síns Ben Stiller.

„Ég man ekki eftir því að hafa komið inn í leikmynd áður sem eru bara gangar og vera samt að fanboy-a yfir mig,“ segir hann og hlær. „Severance eru algjörlega frábærir þættir og fyrsta serían er með því betra sem ég hef séð í sjónvarpi.“

Þótt sumum þyki vísindaskáldskapur í bland við skrifstofudystópíu vera þínu úr karakter fyrir Stiller segir Ólafur Darri að svo sé ekki.

„Það er forvitnilegt með Ben að hann hefur leikstýrt alveg ótrúlega flottum verkum,“ segir Ólafur Darri og nefnir sem dæmi titla á borð við Reality Bites, Tropic Thunder og Cable Guy. „Hann er mikill fullkomnunarinn og hættir ekki fyrr en hann nær hlutunum eins og honum finnst þeir þurfa að vera. Ég sé alveg handbragð Ben yfir Severance,

”

Sem leikari er ég með ákveðna athyglissýki en á sama tíma finnst mér oft erfitt að fá athygli, og afmæli færa manni athygli.

bæði yfir sjónræna hlutanum en líka í því hvernig hann leikstýrir leikurunum.“

Bíóið lifir

Ólafur Darri telur að velgengni myndanna sé tilkomin af því að þær séu gerðar fyrir hinn almenna áhorfanda.

„Það er verið að reyna að höfða til stórs hóps og það virðist virka. Þessi mýta um að bíóið sé dautt er einmitt bara það – mýta,“ segir hann. „Mér finnst geggjað að félagar mínir í Sambíóunum hafi verið að opna nýjan lúxussal og hvað metnaðurinn fyrir bíómenningu á Íslandi er mikill.“

Og velgengni í íslenskri list hefur samlegðaráhrif, heldur Ólafur Darri áfram.

„Að Villibráð hafi gengið vel í bíó er frábær hjálp fyrir Napóleonskjölin og svo áfram. Þetta er eins og í leikhúsinu. Ef það gengur vel í leikhúsi þá hefur fólk tilhneigingu til að mæta oftar í leikhús.“

Þá eru verkefni á borð við True Detective mikill fengur fyrir Ísland.

„Þetta er búið að vera í tókum síðan í október og verður fram í maí, held ég. Þetta eru örugglega þrjú hundruð manns í vinnu,“ segir hann. „Það er mikill hvalreki að fá svona verkefni inn til landsins.“

Finnskur í skapi

Að lokum lítur Ólafur Darri um öxl yfir afmælin fjörutíu og níu sem hann hefur nú þegar fagnað til að grafa fram afmælsminningu fyrir lesendur.

„Ég vona að honum finnst þetta ekki leiðinlegt, en pabbi minn er læknir og þegar ég var ungur þá var hann nær undantekningarlaust á ráðstefnu þegar afmælið mitt var,“ segir hann og hlær. „Árum saman var pabbi ekki viðstaddur á afmælinu mínu en ég vil meina að ég hafi fengið því betri gjafir þegar hann kom heim. Ég man sérstaklega eftir forláta rafmagnslestarsetti sem hann tók einhvern tímann heim.“

Afmælisbarnið lýsir sjálfu sér sem frekar finnsku í skapi.

„Sem leikari er ég með ákveðna athyglissýki en á sama tími finnst mér oft erfitt að fá athygli og afmæli færa manni athygli. Ég bý svo vel að eiga svo frábæra fjölskyldu sem veit hvernig ég er og fer um mig silkihönskum á afmælisdaginn,“ segir Ólafur Darri og skilar að lokum innilegri kveðju til mómmu og pabba sem eru stödd erlendis á deginum stóra. ■

Frumkvöðull í handverksbruggi heiðraður

arnartomas@frettabladid.is

Bjórdagurinn var að vanda haldinn hátíðlegur þann 1. mars en þá voru liðin 34 ár síðan sala á bjór var leyfð aftur á Íslandi. Í tilefni dagsins stóðu Samtök íslenskra handverksbrugghúsa (SÍHB) fyrir sinni fyrstu bjórdagshátíð sem haldin var á Ægisgarði. Samtökin stóðu þá fyrir afhendingu á sínum fyrstu heiðursverðlaunum og þau hlaut Agnes Anna Sigurðardóttir.

Agnes er vel að verðlaununum komin en hún stofnaði fyrsta handverksbrugg-



Agnes er handverksbrugginu vel kunn.

húsið á Íslandi, Bruggsmiðjuna Kalda, árið 2006. Síðan þá hefur orðið mikil sprenging í bjórmenningu á Íslandi og hefur Agnes þar verið leiðandi afl. Fékk hún sem dæmi fálkaorðuna 2019 fyrir framlag til þróunar atvinnulífs í heimabyggð.

SÍHB voru stofnuð árið 2018 af 18 handverksbrugghúsum en í dag eru þau alls 26 talsins, staðsett vítt og breitt um allt land.

Helsta markmið samtakanna er að stuðla að bættu rekstrarumhverfi minni brugghúsa. ■



20% AF
ÖLLUM
ÚRUM

ÚR & GULL
Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar



KONA

20% AF
ÖLLUM
MY ESSENTIAL
& BRUUNS
BAZAAR



30% AF
VÖLDUM
VÖRUM

Skóhöllin
- skóir & tóskur -



15% AF
ÖLLUM
FATNADI

Mini Mi



tíra

VETLINGAR
& SKOTT
SAMAN Á
11.900,-



50% AF
ÖLLUM
ÚLPUM

DARÍA



15% AF
BLÓMA-
POTTUM
& VÖSUM



The Mistress

20% AF
ÖLLU



20% AF
ÖLLU

Leikfangaland.is

TILBOÐSDAGAR

2.-4. MARS



Fylgstu með @fjordur

SJÓNVAPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó
- 19.30 Íþróttavikan með Benna Bó
- 20.00 Veðið með Gunnari Bender Gunnar Bender leiðir áhorfendur að ár-bakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veði.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó

RÚV SJÓNVARP

- 06.45 EM í frjálsíþróttum innanhúss
- 09.45 Í frjálsu falli
- 10.45 Gengið um göturnar
- 11.20 HM í skiðagöngu
- 13.30 Fréttir með táknmálmálstúlkun
- 13.55 Heimaleikfimi
- 14.05 Kastljós
- 14.30 Útsvar 2017-2018
- 15.40 Enn ein stöðin
- 16.10 Kæra dagbók
- 16.40 Á meðan ég man
- 17.10 Dýrin mín stór og smá Bresk þáttaröð um dýralækna-stofu í Yorkshire á fjórða ára-tugnum. Þættirnir byggjast á bókum eftir Alf Wight sem skrifaði undir nafninu James Herriot.
- 17.55 Celebs. Dómsdagsdans
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Listaninja
- 18.29 Hjá dýralækninum
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Gettu betur Í þessum þætti mætast lið Fjölbautaskólans í Garðabæ og Menntaskólans í Reykjavík.
- 21.20 Vikan með Gísla Marteini Gísl Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratríði koma landsmönnum í helgarstemninguna.
- 22.15 Vera - Vitni
- 23.45 Shakespeare og Hathaway Breskir gamanþættir um einkaspæjarana Luellu Shakespeare og Frank Hathaway sem leysa sakamál í bænum Stratford-upon-Avon.
- 00.30 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.00 Dr. Phil
- 13.07 The Late Late Show with James Corden
- 13.47 The Block
- 14.38 Love Island
- 15.37 Players (2022)
- 16.28 Black-ish
- 16.55 Survivor
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 Kenan
- 19.40 Black-ish Nýrik fjölskylda tekst á við þær breytingar að efnast hratt og koma sér sífellt í aðstæður sem hún á erfitt með að vinna úr. Anthony Anderson leikur aðalhlutverkið og Laurence Fishburne eitt af aukahlutverkunum.
- 20.10 The Bachelor
- 21.40 Love Island
- 22.25 Love Island
- 23.10 Fathers and Daughters
- 01.05 Little Fockers
- 02.40 Daddy's Home
- 04.15 Love Island
- STÖÐ 2
- 07.55 Heimsókn
- 08.15 Grand Designs. Australia
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Inside the Zoo
- 10.25 Curb Your Enthusiasm
- 11.00 10 Years Younger in 10 Days
- 11.45 Tala saman
- 12.10 Franklin & Bash
- 12.50 Rax Augnablik
- 12.55 DNA Family Secrets
- 13.55 Bara grin
- 14.20 Í eldhúsi Evu
- 14.50 Britain's Got Talent
- 15.55 Saved by the Bell
- 16.25 Stóra sviðið
- 17.20 Franklin & Bash
- 18.00 Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tiskuheiminum en með miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig.
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkin
- 19.00 America's Got Talent. All Stars
- 20.20 Erin Brockovich Erin tók að sér það verkefni að rannsaka öflugt orkufyrirtæki sem losaði úrgang með hörmulegum afleiðingum. Þetta virtist vonlaus barátta en trúin á réttlætið fleytti Erin áfram.
- 22.30 Above Suspicion
- 00.10 Countdown
- 01.40 Inside the Zoo
- 02.40 Curb Your Enthusiasm
- 03.10 Bara grin

Eyjólfur Kristjánsson og hitað upp fyrir Formúluna

Eyjólfur Kristjánsson, stórsöngvari og stuðningsmaður Manchester United, sest í settið í Íþróttavíkunni með Benna Bó í kvöld. Eyjólfur hefur haldið með Manchester United síðan 1968. Rauðu djöflunum verður gert hátt undir höfði en stórleikur helgarinnar er leikur Man. Utd og Liverpool. Þá koma þeir Kristján Einar Kristjánsson og Bragi Þórðarson til að hita upp fyrir Formúlu-tímabilið sem hefst um helgina. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT
- 1 skarð
 - 5 gyðja
 - 6 kraðak
 - 8 frægja
 - 10 tónn
 - 11 óðagot
 - 12 bréfspjald
 - 13 ýkja
 - 15 fótaferð
 - 17 dok

- LÓÐRÉTT
- 1 afl
 - 2 veita
 - 3 ennþá
 - 4 gugginn
 - 7 alls
 - 9 ráðgera
 - 12 varp
 - 14 loftfar
 - 16 utan

LÁRÉTT: 1 kleif, 5 rán, 6 ós, 8 annala, 10 fa, 11 furr, 12 kort, 13 áfar, 15 rismál, 17 stans. LÓÐRÉTT: 1 kraftar, 2 lána, 3 enn, 4 fólar, 7 sam-tals, 9 áforma, 12 kast, 14 fts, 16 án.

SUDOKU

	1	3	9				6	
2			7	4	8		9	1
8		4						2
		6		7				8
5						4		
			2	8	4	9	5	
	5			1		2	4	3
		1	4	5				9
	8		6					

				7	4			
8				9			2	
		4				3		9
			7			9	4	
9								2
		7	8	1		5		
7		9	4		2			8
	5			8		4		
4			9		6		3	

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lá-rétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ØVERLI

Í VIKULOKIN



Ólafur Arnarson
olafur@frettabladid.is

Veruleikinn sem blasir við á Íslandi er ekki björgulegur þessa stundina. Með ólíkindum er að svo sé komið fyrir okkur. Við búum í gjöf-ulu landi og höfum alla möguleika á að vera í forystu um víða veröld hvað lífskjör og lífsgæði varðar. Ýmsir innviðir eru í molum. Ekki einungis stál og steypa, heilbrigðis-kerfi, menntakerfi, vegakerfi og slíkir áþreifanlega hluti. Umgjörðin er ekki í lagi. Við sjáum það glögglega í þeim deilum á vinnumarkaði sem nú sér von-andi fyrir endann á, alla vega í bili. Vinnulöggjöfin stenst ekki kröfur samtímans og stendur í vegi fyrir því að við getum borið okkur saman við velferðarríkin á Norðurlöndum. Ekki gengur upp að fámenn klíka öfgafólks geti sett samfélagið á hlið með þeim hætti sem öfyrirleitir for-

ysta Eflingar hefur nú gert í margar vikur. Vinnulöggjöfinni verður að breyta til þess hofs sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum. Vinnulöggjöfin er því miður langt í frá eina vandamálið, þegar kemur að umgjörð íslensks samfélags. Eitt stærsta vandamál okkar er að hér eru við völd og hafa verið við völd meira og minna allt frá stofnun lýðveldis stjórnmálaflokka og -öfl sem gæti ekki verið meira sama um hag fólksins í landinu. Sitjandi ríkisstjórn er kennslu-bókardæmi um vandamálið sem við stöndum frammi fyrir. Í ríkisstjórn-inni sitja flokkar sem eru sammála um það eitt að gera ekki neitt. Þeir eru samstiga um kyrrstöðu. Hér má engu breyta. Þjóðin má ekki fá arð af sameiginlegri auðlind. Nei, þennan arð skal þjóðin með góðu

eða illu eftirláta fámennum hópi gjafakvótaþega sem nota hann til að sölsa undir sig hvert fyrirtækið á fætur öðru, hverja atvinnugreinina á fætur annarri. En flokkur frjálsra viðskipta og markaðslausna telur að allt fari til fjandans verði vesalings gjafakvótaþegarnir látnir borga markaðsgjald fyrir afnot af auðlind sem gefur af sér 100 milljarða á ári. Þjóðin vill ekki hafa þetta svona, eða hvað? Einhvern veginn lætur hún gleypast í hverjum kosningum og kys yfir sig kyrrstöðuna. Reyndar benda skoðanakannanir nú til þess að svo hafi kvarnast úr fylgi ríkis-stjórnarflokkanna að væntanlega falli stjórnin í næstu kosningum. Vinstri græn gætu fallið af þingi. Kyrrstöðustjórnin hefur misst stjórn á efnahagsmálum landsins. Seðlabankinn berst einn við verð-

Meirihluti mælist fyrir beinni aðild. Þetta má kyrrstöðustjórnin ekki heyra minnst á.

bólgu en ríkisstjórnin rekur ríkis-sjóð með meira en 100 milljarða halla í blússandi hagvexti. Aldrei sést eins vel og í óðaverð-bólgu hversu ónýtt íslenska krónan er. Nú dylst það faum. Verðbólgan er mikið innflutt og stór hluti hennar stafar af gengislækkun krónunnar. Öll stærstu fyrirtækin eru komin út úr krónuhagkerfinu. Almenn-ingur og minni fyrirtæki búa hins vegar við krónu sem dregur úr samkeppnishæfni og skaðar lífs-kjör. Þetta vill fólk ekki. Mun fleiri vilja kanna aðild að ESB en eru á móti. Meirihluti mælist fyrir beinni aðild. Þetta má kyrrstöðustjórnin ekki heyra minnst á. Vilji þjóðar-innar skiptir engu máli. Þetta er stóra vandamálið hér á landi. Ríkis-stjórnin er að vinna fyrir einhvern allt annan en þjóðina. ■

Hunsun á vilja og hagsmunum þjóðarinnar er vandamálið

Rísandi stjarna í evrópska óperuheiminum



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Arnheiður Eiríksdóttir er ung óperusöngkona sem er að gera það gott í alþjóðlega óperuheiminum. Hún syngur eitt aðalhlutverkið í uppfærslu Íslensku óperunnar á Madama Butterfly.

Mezzosópransöngkonan Arnheiður Eiríksdóttir kemur fram í nýrri uppfærslu Íslensku óperunnar á hinu þekktu verki Madama Butterfly eftir Giacomo Puccini sem frumsýnt verður í Eldborg á laugardag.

„Þetta er falleg saga sem er byggð á ævisögu konu sem vann sem geisja í Japan. Þetta er saga Cio-Cio-San eða Butterfly eins og hún er kölluð. Hennar eina leið út úr vondu ástandi var að vinna sem geisja en það er mjög skýrt í verkinu að það er ekki eftirsóknarvert að vera geisja. Þótt það sé náttúrliga ákveðinn glamúr yfir því, þá er það eitthvað sem hún hræðist að festast aftur í,“ segir Arnheiður.

Sorgleg saga

Við upphaf Madama Butterfly er söguhetjan Cio-Cio-San við það að fara að giftast bandarískum sjóliðsforingja að nafni Pinkerton en sá hefur ekki mikinn áhuga á henni sem manneskju og hefur í hyggju að finna sér ameríska konu.

„Hann er í rauninni bara að giftast henni til þess að fá að sofa hjá henni. En hún tekur því ekki þannig, hún afneitar trú sinni til að þóknast honum og er í kjölfarið afneitað af fjölskyldu sinni og biður ein eftir honum í þrjú ár. Ég leik þjónustustúlkuna hennar Suzuki og við erum bara tvær í þessu húsi sem hann er búinn að koma okkur fyrir í,“ segir Arnheiður.

Þegar Pinkerton fer frá Japan er Cio-Cio-San barnshafandi og biður hún í þrjú ár eftir því að hann snúi aftur og saki hana og son þeirra, sem hann veit ekki af, og fari með þau til Bandaríkjanna. Hann snýr aftur til Japan að þremur árum liðnum með bandarískri eigin konu sinni sem hefur samþykkt að ala upp soninn og á einu andartaki hrynur heimsmynd Cio-Cio-San.

„Þetta er mjög sorgleg saga. Hún biður og biður í þrjú ár og heldur alltaf að hann sé að fara að koma. Það er annar ríkur maður í bænum sem vill giftast henni en hún segist vera gift og vill það ekki. Á sama tíma eru peningarnir búnir og allt frekar ömurlegt,“ segir Arnheiður.

Puccini sem kvikmyndatónskáld

Ertu hrifin af óperum Puccini?

„Já, ég er rosa hrifin af þessum stíl þar sem óperan er í rauninni leikrit í eðlilegu formi og söngvarinn er bara að tala. Ef maður ber það saman við óperur eins og eftir



Arnheiður hefur verið búsett erlendis í tólf ár og segir það stundum vera erfitt að komast sjaldan heim til Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Mozart þá er maður að syngja lög og svo fer sagan fram inn á milli, svipað og í söngleik. Puccini er miklu meira þannig að tónlistin fylgir með allan tímann og undirstrikar annaðhvort tilfinningarnar í textanum eða atburðarásina á sviðinu. Ég held að ef Puccini hefði verið aðeins seinna að skrifa þá hefði hann orðið kvikmyndatónskáld.“

Kóreska sópransöngkonan Hye Youn Lee syngur hlutverk Cio-Cio-San í uppfærslu Íslensku óperunnar en hún hefur sérhæft sig í að syngja það hlutverk. Með hlutverk Pinkerton fer tenórinn Egill Árni Pálsson.

„Hún er algjört yndi hún Hye Youn, yndisleg að vinna með og

rosalega þægileg. Rosa fagmannleg og alveg klikkaðslega flott rödd,“ segir Arnheiður spurð um hvernig sé að syngja með Hye Youn. „Þetta er í rauninni hennar sérgrein, það sem hún gerir helst er að syngja þetta hlutverk úti um allan heim og hún er búin að gera það í mörgum, mörgum uppfærslum.“

Tilnefnd til virtra verðlauna

Arnheiður hefur vakið athygli í evrópska óperuheiminum en hún er fastráðin við þjóðaróperuna í Prag og hefur starfað viðs vegar um álfuna, þar á meðal í Þýskalandi og Austurríki.

„Fyrir það var ég í Köln í Þýska-

”

Ég var í síðustu viku tilnefnd sem leikkona ársins í Tékklandi. Ekki söngkona heldur leikkona. Það er mjög langt síðan það var óperusöngkona í þeim flokki.

landi í svokölluðu óperustúdíói sem er svona millibil á milli þess að klára nám og þess að vera alveg atvinnusöngvari. Þar fékk maður aðeins meiri hjálp við undirbúning á sýningum, en ég var samt bara að syngja í venjulegum uppfærslum. Núna í Prag er ég með alveg æðislegan samning þar sem ég er að fá mjög bitastæð hlutverk,“ segir hún.

Þá var Arnheiður nýlega tilnefnd til tékknesku gagnrýnendaverðlaunanna sem leikkona ársins fyrir hlutverk sitt sem Octavian í Rósa-ridðaranum eftir Strauss.

„Ég var í síðustu viku tilnefnd sem leikkona ársins í Tékklandi. Ekki söngkona heldur leikkona. Það er mjög langt síðan það var óperusöngkona í þeim flokki, svo mér finnst það alveg sérstakur heiður,“ segir Arnheiður.

Gifti sig í sumar

Spurð um hvernig óperuheimurinn í Tékklandi sé segir Arnheiður hann vera mun stærri en hér heima, enda hefur hún verið búsett í Evrópu undanfarin tólf ár.

„Það eru mjög mörg óperuhús í Tékklandi og svo er þetta ekki jafn einangrað og Ísland er oft. Þetta er samtvinnað og þó að ég sé fastráðin í Prag þá er ég líka að vinna í Þýskalandi og Austurríki og tek að mér verkefni þar,“ segir hún.

Er það ekki algjör draumur að geta ferðast um Evrópu og sungið í alls konar óperuhúsum?

„Jú, það er ótrúlega gaman. En það er náttúrliga líka smá erfitt að komast sjaldan heim til Íslands. En staðreyndin núna er að þú getur ekki unnið við þetta heima, það er engin full staða sem óperusöngvari á Íslandi, bara verkefni.“

Þá bætir Arnheiður því við að það hjálpi með heimþrána að hún er gift tékkneskum manni.

„Eins og staðan er núna þá er ég bara mjög sátt. Ég gifti mig í sumar tékkneskum manni sem náttúrliga hjálpar mikið með heimþrána. Þá á ég smá heima þar, er með rætur og fjölskyldu.“ ■

Vinnslan frumsýnir verk í Gdansk

tsh@frettabladid.is

Sviðslistahópurinn Vinnslan frumsýnir verkið Proximity í dag í hinu þekktu Shakespeare-leikhúsi í Gdansk, Póllandi. Um er að ræða alltumlykjandi verk sem er hugleiðing um fólksflutninga, þrána eftir betra lífi, eilífðina og þá staðreynd að dýpsta þrá og hvót mannsins er þörfin fyrir að tilheyra, tilheyra hópi, fjölskyldu, þjóð, og þörfin fyrir nánd við aðrar manneskjur.

Verkið tekur á samskiptum Pólverja og Íslendinga, sem á þessum síðustu tímum hafa fyrst og fremst markast af stórum hópi Pólverja sem koma til Íslands í von um betra líf, en einnig um fólksflutninga frá upphafi tíma. Hvaða áhrif hafa þessir fólksflutningar á fjölskyldu-

»

Vinnslan er þverfaglegur hópur listafólks sem vinnur verk sín frá grunni út frá spuna.

mynstur og hagi þeirra sem heima sitja? Verkið er mikið sjónarspil vídeóa og ljósa og nýtur sín vel í mögnuðu leikrými Shakespeare-leikhússins.

Með aðalhlutverk fara Olga

Boladz, þekkt pólsk leikkona sem Íslendingar fengu að kynnst í mynd Árna Óla Ásgeirssonar heitins, Wolka, og Árni Pétur Guðjónsson. Með önnur hlutverk fara Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Stefan Andruszko, Justyna Betańska, Oliwia Drożdżyk, Joanna Gorycka, Katarzyna Grott, Mieszko Wierciński og Mateusz Włostowski.

Vinnslan er þverfaglegur hópur listafólks sem vinnur verk sín frá grunni út frá spuna.

Listrænir stjórnendur verksins eru María Kjartansdóttir, Vala Ómarsdóttir og Guðmundur Ingi Þorvaldsson. Tónlist/hljóðmynd: Birgir Hilmarsson. Leikmynd og búningar: Þórunn María Jónsdóttir. Ljósahönnun: Józef Leoniuk. Vídeó: Sandra Ksepka. ■



Með aðalhlutverk fara pólska leikkonan Olga Boladz og Árni Pétur Guðjónsson.

MYND/ADSEND

Strákarnir ætla að ferðast um landið í apríl

Almenn miðasala á tónleika stærstu strákahljómsveitar veraldar, Backstreet Boys, fór af stað með látum í gær. Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live, segir strákana engu hafa gleymt. Þeir ætla að dvelja á landinu í nokkra daga í apríl.

odduraevar@frettabladid.is

„Þetta er bara stórkostlegt, við erum ekkert smá glöð. Þetta er ákveðinn vendipunktur því að þetta er í raun og veru fyrsta stóra giggið síðan að Covid fór af stað,“ segir Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live, sem skipuleggur tónleika Backstreet Boys í Laugardalshöllinni þann 28. apríl næstkomandi.

„Auðvitað höfum við haldið stór gegg eftir Covid en það voru allt gegg sem voru farin í sölu áður en Covid fór af stað, þannig það var vesen á þeim öllum og búið að fresta þeim fjórum, fimm sinnum.“

Ísleifur segir miðasölu hafa verið skrítna og ófyrirsjáanlega eftir Covid. „Og frekar niður á við, þannig að viðtökurnar núna eru ótrúlega jákvæðar. Þetta er bara eins og restart, þessi æsingur og viðtökur. Það voru tíu þúsund miðar í boði og þetta verður pakkupselt, sem sýnir okkur að allt er hægt.“

Vilja fyrr til Íslands

Ísleifur segir viðræður við sveitina um Íslandsför hafa staðið yfir í mörg ár. Sveitin hafi viljað heim-sækja landið lengi. „Svo er það alltaf að finna rétta daginn og láta þetta

”

Allur mannskapurinn ætlar að koma nokkrum dögum á undan tónleikunum og leika sér.



Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri viðburða hjá Senu

ganga upp. Það er alltaf aðeins flóknara að koma til Íslands heldur en til annarra landa, meira mál að hoppa til Íslands heldur en frá Danmörku til Svíþjóðar. Það er mjög oft þannig að það er yfirleitt byrjað eða endað á Íslandi.“

Það gera Backstreet Boys einmitt í þetta skiptið og hefja DNA-tónleikaröðina sína hér. Ísleifur segir sveitina staðráðna í að nýta tíma sinn vel hér á landi.

„Þetta er svona band sem hefur farið um allan heim en aldrei komið til Íslands og þeim finnst þetta gríðarlega spennandi. Allur mannskapurinn ætlar að koma nokkrum dögum á undan tónleikunum og leika sér,“ segir Ísleifur.



Þessi mynd var tekin 1995. Strákarnir hafa engu gleymt.

MYND/GETTY

„Það er vægast sagt spennan að koma til landsins, ferðast hérna aðeins um, skoða og gera eitthvað skemmtilegt. Þetta er auðvitað þrjátíu ára afmælið þeirra þarna í apríl og það er tilefni til að halda upp á það.“

Engu gleymt eftir þrjátíu ár

Ísleifur er til í að fallast á að nostalgia drífi áfram vinsældir bandsins en þó ekki alfarið. „Jú, jú, þetta er nostalgíuband, en þeir eru í toppformi. Þeir hafa aldrei verið betri og aldrei verið stærri. Þeir hafa vaxið síðustu ár og það er af því að þeir eru í svo góðu formi, eru að halda geggjada tónleika úti um allt, eru að gera nýja tónlist sem var tilnefnd til Grammy, það er þetta sem fólk sækist í.“ ■

Fimm staðreyndir um Backstreet Boys

- Sveitin var stofnuð 20. apríl árið 1993.
- Hljómsveitin bjó eitt sinn í sama húsi og Ryan Gosling, Britney Spears og Christina Aguilera.
- Kevin Richardson æfði sig með því að klæða sig upp sem Aladdin og syngja í Disney World.
- Nick Carter var aukaleikari í kvikmyndinni Edward Scissorhands.
- Kevin Richardson og Brian Littrell eru frændur.



Súkkulaðiprins með súkkulaðilag

benediktboas@frettabladid.is

Patrik Atlason, Góuerfingi, gefur út lag í dag, 3. mars, en lagið heitir Prettyboitjokko. Patrik hefur verið að tisa á lagið á samfélagsmiðlum sínum en hann hefur þegar troðið upp á nokkrum stöðum til að taka lagið, sem er grípandi smellur, til að létta lundina hjá landsmönnum.

Patrik hefur verið í stúdíói að fikta við að gera lög í töluverðan tíma en aðeins nánasta fólkið í kringum hann hefur fengið að heyra það sem hann hefur verið að gera. Nú er komið að því að sleppa litla súkkulaðinu út í mars – sem er kannski víðeigandi þótt Góa sé þekktara fyrir Hraunbitana.

”

Lykta vel, með dripp, það verður að vera hiti, góð húð og smá peningur skemmir ekki.

„Tónlistardraumurinn hefur alltaf blundað í mér. Síðasta sumar fór ég svo loksins upp í stúdíó með SAMNIEGO og Luigi og ég hef ekki stoppað síðan þá,“ segir Patrik, en

að hans sögn eru fleiri lög á leiðinni. „Maður á alla vega nokkur lög í bankanum.“

Patrik segir að allir geti verið PBT eða Prettyboitjokko, en það þurfi að hafa fyrir því. Reglurnar eru einfaldar.

„Lykta vel, með dripp, það verður að vera hiti, góð húð og smá peningur skemmir ekki,“ segir Patrik léttur. Í kvöld verða útgáfutónleikar á skemmtistaðnum Auto. Patrik segir að miðbær Reykjavíkur hafi aldrei séð annað eins partí. „Þetta verður alla vega stærsta kvöld Auto frá upphafi og ef þú mætir ekki tímanlega þótt þú sért á gestalista kemstu ekki inn. Svo einfalt er það,“ segir Patrik. ■



Fyrsta lag Patriks Atlasonar kemur út í dag. Það nefnist Prettyboitjokko.

MYND/
HELGI ÓMARS

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



SÉRFRÆÐINGURINN

Fréttin frekar um
útburð Andrésar

odduraevar@frettabladid.is



Guðný Ósk Laxdal
sérfræðingur í
málum bresku
konungsfjölskyldunnar
segir fregnir
sem berast af
því úr breskum
miðlum að Harry

og Meghan hafi verið hent út úr Frogmore-setri séu töluvert minni fréttir en þær að Andrési Bretaprinsi hafi verið hent út úr sínum konunglegu hýbýlum.

„Það hafa verið margar skrítnar sögur í miðlum um þau Harry og Meghan en talsmaður þeirra er oftast snöggur að svara ef þetta er ekki satt, eins og þetta með að þau hafi ætlað að kæra framleiðendur South Park,“ segir Guðný.

Talsmenn þeirra staðfestu í gær að það væri rétt að Andrés myndi brátt taka við búsetu á Frogmore-setrinu. Guðný segir það miklu stærri frétt, Andrés hafi hingað til dvalið í Royal Lodge, sem sé einfaldlega höll.

„Þetta er þrjátíu herbergja höll sem hann hefur búið í með Söruh Ferguson í mörg ár þó að þau séu skilin. Frogmore er miklu minna og það er ljóst að það er verið að senda honum skilaboð, nú fær hann færri starfsmenn og Karl er að spara með þessu. Hann vill að konungsfjölskyldan kosti minna.“

Andrés var í uppáhaldi hjá Elísabetu heitinni Bretadrottningu. Guðný segir þetta hafa áhrif en það skipti líka máli að Vilhjálmur og Katrín séu aðalpersónurnar í konungsfjölskyldunni.

„Andrés verður aldrei erfinginn, þannig að hann er miklu meira aukaatriði núna heldur en hann var. Hann er ekki lengur vara-skeifan, heldur snýst allt núna um Vilhjálum og Katrínu.“

Guðný segir fréttir af Harry og Meghan miklu betur lesnar og því hafi breskir miðlar slegið því upp að þeim hafi verið hent út. „Það er langur tími síðan þau hættu og kominn tími til að þau hætti að nota þetta hús. Það sem er flókið við Frogmore er að þau gerðu það upp með skattþeningum og allt varð brjálað, en þau greiddu þá upphæð til baka. Ef þau eiga það ekki lengur, eiga þau þá ekki að fá það greitt aftur?

Svo þurfa Vilhjálmur og Katrín stærra húsnæði, þau búa í húsi án starfsfólks og það gengur ekki.“ ■

Rifu allar snúrur og
kamerur úr Efstaleitinu

Dansari æfir sig í einrúmi baksviðs í Gufunesi í gær. Fréttablaðið skyggndist bak við tjöldin í aðdraganda stóru stundarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gísli Berg, framleiðslustjóri Söngvakeppni sjónvarpsins, segir tímakóðatækni þýða að jafnmikið púður fer í framleiðslu allra atriða. Generalprufa fer fram í kvöld sem er síðasta æfingin fyrir læti morgundagsins.

odduraevar@frettabladid.is

„Þetta er búið að ganga alveg ótrúlega vel,“ segir Gísli Berg, framleiðslustjóri hjá Ríkisútvarpinu, en hann sér um framleiðslu Söngvakeppninnar sem haldin er í Gufunesi í ár. Úrslitin fara fram annað kvöld en í kvöld fer fram generalprufan, þar sem allt þarf að ganga upp.

Gísli segir að mikill lærdómur hafi verið dreginn af keppninni í fyrra, þegar hún var fyrst haldin í kvikmyndaverinu í Gufunesi. „Við erum búin að vera að finisera alla þessa hnökra og svona reyna að gera keppnina sjálfa bæði skemmtilegri í heild sinni og nýta nýjustu tækni til þess að gera atriðin eins glæsileg og við getum.“

Hátt gæðastig á framleiðslu, myndvinnslu og tækni í keppninni í ár hefur vakið athygli. Spurdur að því hvort það sé eitthvert atriði keppenda sem kalli á meiri vinnu en önnur, segir Gísli:

„Nei, eftir að við fórum í þessa tækni sem við erum að nota núna,



Gísli Berg, framleiðslustjóri Söngvakeppninnar, segir mikinn lærdóm hafa verið dreginn af fyrstu keppninni sem haldin var í Gufunesi í fyrra.



Við stjórnnum myndmixer, grafik, ljósum og öllum effektum með tímakóða.

þá erum við að keyra þetta allt á svokölluðum tímakóða. Við stjórnum myndmixer, grafik, ljósum og öllum effektum með tímakóða og þá fer í raun jafnmikið púður í öll atriði,“ útskýrir Gísli. „Þannig að það er í raun alveg jafn mikill fókus á öll atriði, hvort sem það er rólegt eða ef það er mikill hasar í því.

Við náttúrulega erum að horfa rosalega mikið til annarra undankeppna og auðvitað Eurovision og horfum til þess hvernig þeir gera þetta úti, lærum af því og reynum að nýta okkur þá þekkingu þegar við komum heim.“

Huga fyrst að framleiðslunni

Spurdur að því hve mikill tími fari í að undirbúa framleiðslu hvers atriðis segir Gísli:

„Það má eiginlega segja að við byrjum strax að huga að þessu á sumrin. Þá náttúrulega byrjum við að reyna að fá inn atriði,“ segir Gísli. Listrænt teymi sé sett saman þá þegar.

„Síðan þegar lögin liggja fyrir kemur listræna teymið saman, byrjar að hugsa, pæla, setja saman strúktúr. Síðan eru þetta bara æfingar og undirbúningur.“

Myndvinnsla og tölvutækni er fyrirferðarmikil, til að mynda í atriði Braga sem syngur lagið Sometimes the World's Against You. Gísli segir það gott dæmi um tímakóðatæknina.

„Þetta er náttúrulega bara partur af því að við erum að keyra þetta allt saman á tímakóða. Við getum látið myndmixerinn gera svona myndeffekta sem hefur ekki verið hægt áður, því þá þurfti þetta allt saman að vera upp á ramma.“

Óhætt er að fullyrða að tæknibúnaður í Söngvakeppnishöllinni sé gríðarlegur. „Við erum auðvitað með frábæra samstarfsaðila sem hafa lagt allt sitt í að gera keppnina sem glæsilegasta. Síðan erum við að sjálfsögðu búin að rífa allar snúrurnar og kamerurnar úr Efstaleitinu sem við nýtum í þetta.“ ■

Í HELGARBLAÐINU

Ég held að ég
geti ekki gert
neitt smátt

Yesmine Olsson er oft spurð að því hvort gamall draumur hafi ræst þegar hún opnaði nýverið sinn fyrsta veitingastað. Hún segir þetta frekar köllun en draum en indversk matargerð og menning hefur lengi togað í stelpuna frá Srí Lanka.

Ekki hræddur
við að tapa

Guðmundur Stephensen var aðeins ellefu ára þegar hann landaði fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í borðtennis og var ósigrður í 20 ár. Eftir að hafa varla hreyft sig undanfarinn áratug mætir Guðmundur óhræddur á Íslandsmeistaramótið um helgina og ætlar sér ekki að tapa í fyrsta sinn á ferlinum.

25.
MARS



TIX.IS

JAKOB FRÍMANN ER

JACK MAGNET

Gull
OKKAR BJÖR
LITILL
2.99%
ALDRI



TÓNLEIKAUPPLIFUN Á AÐSTA
PLANI MANNLEGRAR
SKYNNUNAR!

Hið goðsagnakennda tónverk Jack Magnet, sem Jakob Frímann Magnússon sendi frá sér við upphaf níunda áratugarins, verður flutt í heild sinni í fyrsta sinn hér á landi laugardaginn 25. mars á sviði Bæjarbíós í Hafnarfirði.



EINVALALIÐ
LISTAMANNA!

Valdimar Guðmundsson, Dís Jakobs, Eyþór Gunnarsson, Jóel Pálsson, Guðmundur Pétursson,
Róbert Þórhallsson, Þorvaldur Þór Þorvaldsson o.fl. — ásamt Jakobi Frímanni.

BAKÞANKAR

Jóhanna Vigdísar
Guðmundsdóttur

Veðurskip LÍma

Á meðan við sköfum bilinn, undirlögð veðurkvíða og búum okkur undir næstu lægð er fátt betra en að skipuleggja sumarfríið.

Skipulagið krefst hugrekkis og skynsemi. Hvað ef við kaupum flugmiða í sólina og missum af þessum tveimur vikum þar sem veðrið er geggið á Íslandi? Hvað ef við kaupum ekki flugmiða og eyðum sumarfríinu eltandi veðrið, tjaldandi í grenjandi rigningu, grillandi í hifandi roki, vaknandi í blautum svefnpoka? Hvað ef við förum öll til Tene, birtum myndir af tásum á Facebook og veltum þjóðarskútunni í ölduróti alþjóðlegra fjármálamarkaða?

Forfeður okkar þekktu að óvissa kallar á virka áhættustýringu. Fyrir daga veðurskips LÍma (í alvöru, veit einhver hvað það var?) treysti fólk á forspárgildi veðurglöggra hagamála, stökkvandi sela, morgunbaulandi kúa og útburðarvæl í húsum sem, eðlilega, boðaði veðrabreytingar. Amma mín virkjaði mótvægisáðgerðir, hrífutindum var aldrei snúið upp. Þannig kom hún í veg fyrir að það rigndi í heyið.

Nagandi óvissa náttúruaflanna setur byrðar á herðar Veðurstofu Íslands. Starfsfólk hlýtur að þjást af frammistöðukvíða. Minnug sumarsins þegar góða veðrinu var itrekað spáð en það bara rigndi og rigndi. Litlu mátti muna að efnt yrði til mótmæla í garði stofnunarinnar.

Nútímataekni auðveldar áhættustýringu sumarfría og traust þjóðarinnar til greiningardeildar Veðurstofunnar hefur verið endurvakið. Þó vissulega séu vonir bundnar við að sumar og vetur frjósi saman, enda blikur á lofti.

Gleðilegt sumar – og Guð blessi Ísland. ■

Fyrir fólk í leit af nýjum tækifærum

Skannaðu mig

Gleðilega páska

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Páskaegginn frá Nóa Síríus eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk, smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.

Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!